# ÁFANGALÝSINGAR

## Almennir áfangar - útg. 2024

TÆKNISKÓLINN, SKÓLI ATVINNULÍFSINS

# Tæknimenntaskólinn


*Áfangayfirlit* ... 3
DANS1LM05YT ... 3
DANS2BM05AT ... 4
EÐLI2GR05BT ... 5
EÐLI2RB05CT ... 6
EFNA2AE05BT ... 7
EFNA2LR05CT ... 8
EFNA3JA05CT ... 9
ENSK1LM05YT ... 10
ENSK2AE05AT ... 11
ENSK2OF05BT ... 12
ENSK3AM05CT ... 13
ENSK3UK05DT ... 14
ENSK3YL03CT ... 15
FÉLA2BY05AT ... 16
ÍSLE1LT05XT ... 17
ÍSLE1UP05YT ... 18
ÍSLE2AA05AT ... 19
ÍSLE2GO05BT ... 20
ÍSLE3BF05CT ... 21
ÍSLE3BM05CT ... 22
ÍSLE3LF05CT ... 23
ÍSLE3NB05CT ... 24
ÍSLE3YL05CT ... 25
ÍÞRÓ1GH02AT ... 26
ÍÞRÓ1LA01AT ... 27
ÍÞRÓ1LB01BT ... 28
ÍÞRÓ1LC01CT ... 29
*ÍÞRÓ1BT01AT** ... 30
*ÍÞRÓ1BL01AT** ... 31
*ÍÞRÓ1JÓ01AT** ... 32
*ÍÞRÓ1KN01AT** ... 33
*ÍÞRÓ1NH01AT** ... 34

*ÍÞRÓ1SU01AT** ..... 35
JARÐ2AJ05AT ..... 36
JARÐ2KJ05BT ..... 37
LÍFF1GR05AT ..... 38
LÍFF2LE05BT ..... 39
MENL1AL05AT ..... 40
NÁLÆ1AN05AT ..... 41
*RAFÍ1RA05AT** ..... 42
SAGA2ÍM05AT ..... 43
SJRA3KT05AK ..... 44
SPÆN1AG05AT ..... 45
SPÆN1BF05BT ..... 46
SPÆN1OM05CT ..... 47
STÆR1SF05XT ..... 48
STÆR1BB05YT ..... 49
STÆR2BR05AT ..... 50
STÆR2AH05BT ..... 51
STÆR2LT05BT ..... 52
STÆR3RV05CT ..... 53
STÆR3FM05DT ..... 54
STÆR3FV05ET ..... 55
UMHV2KT05BK ..... 56
*ÚTIV1UF05AT** ..... 57
VITI1GR05AT ..... 58

*Áfangayfirlit*

## DANS1LM05YT

<table>
<tr><td>Titill: Lesskilningur, málfræði,<br>Skammstöfun: DANS1LM05YT<br>Námsgrein: Danska</td><td>Einingar<br>5</td><td>Hæfniþrep<br>1</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Áfanginn er upprifjunaráfangi og megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur eru þjálfaðir í lesskilningi ásamt samskiptaþáttunum tali, hlustun og ritun. Áhersla er lögð á réttan framburð, þjálfun grunnatriða málfræðinnar og uppbyggingu orðaforða sem tengist daglegu lífi og nánasta umhverfi nemandans. Auk þess er nemendum kynnt dönsk menning.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur: engar</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<ul><li>þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að ná markmiðum áfangans</li><li>grundvallarþáttum danska málkerfisins</li><li>dönskumælandi löndum og fengið innsýn í menningu, samskiptavenjur og siði norrænna þjóða</li></ul></td><td colspan="2" rowspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<ul><li>greina einfaldar upplýsingar í mæltu máli</li><li>skilja einfalda texta</li><li>taka þátt í einföldum samræðum og nota mismunandi kveðjur og samskiptaform eftir aðstæðum</li><li>segja frá persónulegum högum sem og einföldum staðreyndum um kunnugleg efni</li><li>rita dönsku í mjög einföldu formi</li></ul></td></tr>
<tr><td>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<ul><li>skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt</li><li>fylgja einföldum fyrirmælum og nota helstu kveðjur og kurteisisávörp</li><li>lesa einfalda texta sem innihalda algeng-an orðaforða sem tengist nemandanum, umhverfi hans og áhugamálum og vinna úr þeim á mismunandi hátt eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni</li><li>taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisis- og málvenjum við hæfi</li><li>segja á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldu sinni og athöfnum og atburðum daglegs lífs með því að beita orðaforða og framburði á sem réttastan hátt</li><li>geta skrifað stuttan, einfaldan texta um sjálfan sig og sitt nánasta umhverfi, fyllt út einföld eyðublöð, skrifað stutt bréf (t.d. kort, tölvupóst), o.fl.</li></ul></td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Símat<br>https://namskra.is/courses/58514c8d62933a33a60219e2</td></tr>
</table>

# DANS2BM05AT

| **Titill: Danska**<br>**Skammstöfun:** DANS2BM05AT<br>**Námsgrein:** Danska | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>2 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í þessum byrjunaráfanga í dönsku er áhersla lögð á að nemendur verði vel læsir á flóknari texta en áður. Þeir verða þjálfaðir í að tileinka sér orðaforða, tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti og rökstyðja skoðanir sínar. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Lesnir eru fjölbreyttir textar, bæði bókmenntatextar og sérhæfðari og flóknari textar en áður, en einnig unnið með lestur eftir áhugasviði nemenda. Lögð er áhersla á að nemendur beri ábyrgð á eigin námsframvindu og séu meðvitaðir um mismunandi aðferðir til að tileinka sér tungumál. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- helstu menningarsvæðum þar sem danska er notuð sem móðurmál eða fyrsta mál
- þverfaglegum orðaforða til undirbúnings og markvissrar notkunar í námi
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður sem og skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- lesa margs konar gerðir texta, ekki síst fræðitexta og taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis
- tjá sig skýrt, munnlega og skriflega um málefni sem hann hefur kynnt sér

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni
- skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna sem hann þekkir vel til
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- átta sig á dýpri merkingu í texta
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og eiga frumkvæði í samræðum
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt við margs konar aðstæður
- skrifa læsilegan texta um sérvalið efni frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín
- skrifað margs konar texta og fylgt þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

**Námsmat**
Símat

*https://namskra.is/courses/54d780e962933a7ff50026ac*

## EÐLI2GR05BT

| **Titill: Eðlisfræði**<br>**Skammstöfun:** EÐLI2GR05BT<br>**Námsgrein:** Eðlisfræði | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>2 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Áfanginn er grunnáfangi í klassískri eðlisfræði. Lögð er áhersla á úrlausnarefni sem tengjast öðru námi nemenda við skólann. Helstu viðfangsefni eru: Hreyfing í einni vídd, fallhreyfing, kraftlögmál Newtons, áhrif núningskrafta, samband vinnu og ýmissa orkuforma, orka og varðveisla hennar, skriðþungavarðveisla, þrýstingur, uppdrif og inngangur að varmafræði.

**Forkröfur**: engar

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- helstu hugtökum aflfræðinnar
- helstu hugtökum varmafræðinnar
- orkuvarðveislu í lokuðum kerfum
- fyrsta, öðru og þriðja lögmáli Newtons

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- teikna og lesa úr gröfum sem lýsa einfaldri hreyfingu hluta
- reikna út staðsetningu, hraða og hröðun hluta í einni vídd
- reikna út áhrif núningskrafta á einfalda hreyfingu hluta
- reikna einföld dæmi um varmaskipti
- leysa einföld verkefni þar sem reynir á skilning margvíslegra hugtaka úr efninu í einu

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- skrá lausnir sínar skipulega og skiptast á skoðunum um þær við aðra
- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu útreikninga
- vinna með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu
- beita gagnrýninni og skapandi hugsun við lausn verkefna úr námsefninu
- klæða hversdagsleg verkefni sem tengjast efni áfangans í eðlisfræðilegan búning og túlka lausnirnar

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/5851616d62933a33a6021a60*

## EÐLI2RB05CT

<table>
<tr><td>Titill: Bylgjur, rafmagn og stjörnufræði<br>Skammstöfun: EÐLI2RB05CT<br>Námsgrein: Eðlisfræði</td><td>Einingar<br>5</td><td>Hæfniþrep<br>2</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Áfanginn er grunnáfangi í bylgjufræði, ljósfræði og rafsegulfræði. Einnig eru kynnt nokkur hugtök úr stjörnufræði og heimsfræði.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur:</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<ul><li>skrá lausnir sínar skipulega og skiptast á skoðunum um þær við aðra</li><li>átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu útreikninga</li><li>vinna með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu</li><li>beita gagnrýninni og skapandi hugsun við lausn verkefna úr námsefninu</li><li>klæða hversdagsleg verkefni sem tengjast efni áfangans í eðlisfræðilegan búning og túlka lausnirnar</li></ul></td><td colspan="2" rowspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<ul><li>skrá lausnir sínar skipulega og skiptast á skoðunum um þær við aðra</li><li>átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu útreikninga</li><li>vinna með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu</li><li>beita gagnrýninni og skapandi hugsun við lausn verkefna úr námsefninu</li><li>klæða hversdagsleg verkefni sem tengjast efni áfangans í eðlisfræðilegan búning og túlka lausnirnar</li></ul></td></tr>
<tr><td>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<ul><li>skrá lausnir sínar skipulega og skiptast á skoðunum um þær við aðra</li><li>átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu útreikninga</li><li>vinna með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu</li><li>beita gagnrýninni og skapandi hugsun við lausn verkefna úr námsefninu</li><li>klæða hversdagsleg verkefni sem tengjast efni áfangans í eðlisfræðilegan búning og túlka lausnirnar</li></ul></td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Símat<br>https://namskra.is/courses/5851627762933a33a6021a68</td></tr>
</table>

## EFNA2AE05BT

| **Titill: Frumefni, sameindir og efnatengi**<br>**Skammstöfun:** EFNA2AE05BT<br>**Námsgrein:** Efnafræði | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>2 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Áfanginn er grunnáfangi í efnafræði. Helstu viðfangsefni eru: Helstu einingar í efnafræði, efnaformúlur og merking þeirra, bygging atóma, sameinda, lotukerfið og efnatengi. Nemendur geri sér góða grein fyrir byggingu frumefna og efnasambanda og geti nýtt sér þær upplýsingar sem lotukerfið býr yfir til þess að skilja betur innra eðli efna og efnatengja. Mikil áhersla lögð á magnútreikninga. Lausnir og leysar. Raflausnir. Mólstyrkur lausna. Auðleyst og torleyst sölt. Sýrur og basar, pH og hlutleysing. Orka í efnahvörfum, útvermin og innvermin efnahvörf. Hvarfvarmi og virkjunarorka.

**Forkröfur**: engar

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- grunnhugtökum í efnafræði
- byggingu atóma og lotukerfinu
- byggingu sameinda og gerð efnatengja
- nafngiftarreglum ólífrænna efna
- mólum og mólmassareikningum
- lausnum
- sýrum og bösum
- hvarfvarma í efnahvörfum

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- nota grunnhugtök í efnafræði
- nota lotukerfið til að finna reynsluformúlu jónaefna, atómmassa, fjölda öreinda í atómi o.fl.
- nota rafdrægni til að skilgreina efnatengi
- geta ritað nafn og formúlu ólífrænna efna ef þau hafa annað þeirra
- reikna út mól, massa og mólmassa
- finna hvarfvarma efna
- segja til um hvort að hvörf séu útvermin eða innvermin

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- reikna út massa myndefna út frá massa hvarfefna í efnahvarfi
- reikna út styrk efna í lausnum eftir efnahvarf
- reikna út pH í lausn með sýru-basa hvarfi
- reikna hvarfvarma efnahvarfs

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/5851569162933a33a6021a1c*

## EFNA2LR05CT

| **Titill: Lífræn efnafr., mengunarefni og orkuauðl**<br>**Skammstöfun:** EFNA2LR05CT<br>**Námsgrein:** Efnafræði | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>2 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Helstu viðfangsefni eru: Oxun-afoxun, rúmmálshlutföll lofttegunda og notkun ástandsjöfnu við útreikninga. Helstu eiginleikar lofttegunda, vökva og fastra efna. Lífræn efnafræði: Kolvetni, alkanar, alkenar, alkýnar, hringalkanar. Arómatísk kolvetni. Halogenalkanar. Alkóhól. Aldehýð og ketónar. Karboxýlsýrur. Esterar og fitusýrur. Amín og amínosýrur. Mengunarefni. Orkuauðlindir. Kjarnaefnafræði.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- oxun og afoxun
- gashegðun atóma og sameinda
- almennri lífrænni efnafræði
- helstu mengunarefnum
- helstu orkuuppsprettum
- grunnhugtökum í kjarnaefnafræði

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- finna oxun og afoxun í efnahvörfum
- reikna út þrýsting, rúmmál, mól og hita í kjörgasi
- geta notað IUPAC kerfið til að nafngreina helstu lífrænu efnin
- reikna helmingunartíma

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- nota oxunartölur til að stilla efnajöfnur
- nota gaslögmálið til að reikna út massa myndefna út frá massa hvarfefna í efnahvarfi
- geta rætt um lífræn eða ólífræn mengunarefni
- geta rætt um kosti og galla orkuuppsprettna í íslensku samfélagi

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/585159d762933a33a6021a2c*

## EFNA3JA05CT

<table>
<tr><td>Titill: Ólífræn efnafræði<br>Skammstöfun: EFNA3JA05CT<br>Námsgrein: Efnafræði</td><td>Einingar<br>5</td><td>Hæfniþrep<br>3</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Helstu viðfangsefni eru: Jafnvægi í efnahvörfum, jafnvægislögmálið og lögmál Chateliers. Leysni og myndun salta og leysnimargfeldi. Hvarfhraði. Jafnvægi í sýru og basa lausnum. Stuðpúðalausnir. Títrun. Rafefnafræði.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur: EFNA2AE05BT</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• jafnvægi í efnahvörfum<br>• lögmáli Chateliers<br>• myndun salta og leysnimargfeldi<br>• hvarfhraða<br>• hegðun veikra sýra og basa<br>• spennuröð málma<br>• galvaníhlöðum<br>• Nernst-jöfnunni</td><td colspan="2" rowspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• meta hvarfgang efnahvarfa og hagnýtingu þeirra<br>• finna mettunarmörk tiltekinna efnasamb-anda í lausn<br>• framkvæma rafgreiningar</td></tr>
<tr><td>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• reikna jafnvægi í efnahvörfum<br>• reikna leysnimargfeldi<br>• finna hvarfhraða<br>• reikna spennu á milli málma<br>• segja til um hvort oxun geti átt sér stað<br>• reikna spennuna sem þarf til rafgreiningar<br>• reikna magn efna sem myndast við rafgreiningu</td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Símat<br>https://namskra.is/courses/58515f8062933a33a6021a51</td></tr>
</table>

## ENSK1LM05YT

| **Titill: Enska, grunnur**<br>**Skammstöfun:** ENSK1LM05YT<br>**Námsgrein:** Enska | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í þessum byrjunaráfanga í ensku er áhersla lögð á að nemendur verði vel læsir á flóknari texta en áður. Þeir eru þjálfaðir í að tileinka sér orðaforða, tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti og rökstyðja skoðanir sínar. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Lesin eru klassísk og ný bókmenntaverk úr hinum enskumælandi menningarheimi. Nemendur vinna í auknum mæli sjálfstætt að viðameiri verkefnum svo sem kynningum og stærri ritunarverkefnum.

**Forkröfur**: engar

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- helstu menningarsvæðum þar sem enska er notuð sem móðurmál eða fyrsta mál
- dagblöðum, tímaritum og af netinu
- stöðu enskrar tungu á Íslandi og erlendis
- þverfaglegum orðaforða til markvissrar notkunar í námi
- mismunandi afstöðu og túlkun bókmenntahöfunda og dýpri merkingu texta

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- greina og skilja málfarsmun á mismunandi málsvæðum og við mismunandi aðstæður
- lesa margs konar gerðir texta, bæði fræðilega og bókmenntalega
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis
- tjá sig skýrt, munnlega og skriflega um málefni sem hann hefur kynnt sér

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt fyrir áheyrendum
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunaraðferðum sem við eiga

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/5851466f62933a33a6021978/*

## ENSK2AE05AT

<table>
<tr><td>Titill: Bókmenntir og ritun<br>Skammstöfun: ENSK2AE05AT<br>Námsgrein: Enska</td><td>Einingar<br>5</td><td>Hæfniþrep<br>2</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Markmið áfangans er að efla menningarlæsi nemenda með því að þjálfa þá í að fræðast og tjá sig um ólík viðfangsefni á ensku. Nemendur bæta markvisst við orðaforða sinn, með áherslu á akademískan orðaforða, og öðlist dýpri skilning á flóknari málfræði enskrar tungu. Farið er yfir grundvallaratriði í ritun texta af ýmsum toga og nemendur æfa sig í nýtingu þeirra með hliðsjón af orðaforðanum sem farið er yfir í áfanganum. Lesin eru klassísk bókmenntaverk á enskri tungu og nemendur þjálfaðir í að rýna í bókmenntatexta og ræða umfjöllunarefni verkanna út frá eigin reynslu og skilningi.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur: engar</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<ul><li>orðaforða sem tengist menningu og þeim menningarheimum þar sem enska er töluð</li><li>flóknari málfræði enskrar tungu</li><li>uppbyggingu mismunandi texta, s.s. blaðagreina, fræðigreina, bókmenntatexta, o.fl.</li></ul></td><td colspan="2" rowspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<ul><li>gera sér grein fyrir skoðun og afstöðu höfunda margvíslegra texta og geta tjáð sig um hana bæði munnlega og skriflega</li><li>lesa milli línanna og átta sig á dýpri merkingu í texta</li><li>taka þátt í skoðanaskiptum á ensku og geta útskýrt sjónarmið varðandi efni sem er ofarlega á baugi</li><li>færa rök fyrir máli sínu og svara gagnrökum, bæði í ræðu og riti</li><li>tengja þekkingu sína og leikni við það umhverfi og menningarheim sem hann býr við</li></ul></td></tr>
<tr><td>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<ul><li>tjá sig um sitt eigið umhverfi og menningu á ensku</li><li>beita flóknari málfræðireglum í ræðu og riti</li><li>túlka með eigin orðum á ensku efni frá mismunandi miðlum</li><li>tjá sig í ræðu og riti um margvísleg mál frá eigin brjósti</li><li>skrifa margskonar texta</li><li>tjá sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt um þekkingu sína</li><li>sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum</li><li>taka þátt í samræðum um viðfangsefni áfangans og hugarefni sín</li></ul></td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Símat<br>https://namskra.is/courses/5851492362933a33a6021989</td></tr>
</table>

## ENSK2OF05BT

| **Titill: Fræðilegur orðaforði og Bandaríkin**<br>**Skammstöfun:** ENSK2OF05BT<br>**Námsgrein:** Enska | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>2 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Áhersla er lögð á að nemendur verði vel læsir á fjölbreyttari og þyngri texta en áður og gerð er aukin krafa um sjálfstæði í verkefnavinnu og vinnuskilum. Lesin eru óstytt bókmenntaverk og þau túlkuð út frá víðara samhengi en áður með tilliti til sögu og bókmenntalegra skírskotana. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti og geti rökstutt skoðanir sínar. Meginmarkmið áfangans er að nemendur kynnist sögu og menningu Bandaríkjanna með margvíslegum hætti þar sem alhliða færni í málinu er æfð. Nemendur rýna í ólíkan texta, bókmenntaverk, smásögur og greinar og fá tækifæri til að tjá sig á gagnrýninn hátt um viðfangsefnið.

**Forkröfur**: ENSK2LM05

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- orðaforða, hugtökum og hugmyndafræði sem einkenna Bandaríkin í nútíð og fortíð
- áhrifum sögu og menningar á fjölmenningarlegt samfélag Bandaríkjanna og áhrifum í alþjóðasamfélaginu
- þverfaglegum orðaforða til markvissrar notkunar í námi
- mismunandi afstöðu og túlkun bókmenntahöfunda

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- lesa margs konar gerðir texta, bæði fræðilega og bókmenntalega
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta og viðfangsefnis
- tjá sig skýrt, munnlega og skriflega um málefni sem hann hefur kynnt sér
- tjá tilfinningar, nota hugarflug og beita stílbrögðum í túlkun sinni á viðfangsefninu
- kafa dýpra ofan í viðkomandi viðfangsefni og leita fanga víðar en áður
- nýta sjálfstæði í vinnubrögðum og vera fær um að draga ályktanir

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- öðlast heildaryfirsýn yfir sögu og menningu Bandaríkjanna í nútíð og fortíð
- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt fyrir áheyrendum

**Námsmat**

Símat

https://namskra.is/courses/52f0dde262933a50d0000853

## ENSK3AM05CT

| **Titill: Menning og Bandaríkin**<br>**Skammstöfun:** ENSK3AM05CT<br>**Námsgrein:** Enska | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>3 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Áhersla er lögð á að nemendur vinni með fjölbreyttari og flóknari texta en áður. Þeir halda áfram að tileinka sér grunnorðaforða vísinda og fræða, tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti og rökstyðja skoðanir sínar. Eitt helsta markmið áfangans er kynning á menningarheimi Bandaríkjanna. Fjallað er um bandarískt samfélag, venjur og siði. Í tengslum við það er unnið með sýnishorn af bandarískum bókmenntaverkum sem og kvikmyndir, heimildamyndir o.fl. sem túlkað er út frá menningarlegu samhengi. Nemendur vinna sjálfstætt að viðameiri verkefnum sem tengjast Bandaríkjunum, sem fela í sér öflun upplýsinga á bókasafni, á Netinu og margmiðlunarefni.

**Forkröfur**: 10 einingar í ensku á 2. þrepi.

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- Bandaríkjum Norður-Ameríku, sögu þeirra, menningu og málnotkun. Einnig stjórnmálum í Bandaríkjunum, fjölmiðlum og áhrifum þeirra á þjóðfélagsmótun
- viðhorfum og gildum sem hafa mótað bandaríska sem og íslenska menningu
- orðaforða í ræðu og riti sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- Bandaríkjum Norður-Ameríku, sögu þeirra, menningu og málnotkun. Einnig stjórnmálum í Bandaríkjunum, fjölmiðlum og áhrifum þeirra á þjóðfélagsmótun
- viðhorfum og gildum sem hafa mótað bandaríska sem og íslenska menningu
- orðaforða í ræðu og riti sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- Bandaríkjum Norður-Ameríku, sögu þeirra, menningu og málnotkun. Einnig stjórnmálum í Bandaríkjunum, fjölmiðlum og áhrifum þeirra á þjóðfélagsmótun
- viðhorfum og gildum sem hafa mótað bandaríska sem og íslenska menningu
- orðaforða í ræðu og riti sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi

**Námsmat**

Símat

https://namskra.is/courses/54e8e83f62933a1936000b33

## ENSK3UK05DT

<table>
<tr><td>Titill: Fræðilegur orðaforði og Bretland<br>Skammstöfun: ENSK3UK05DT<br>Námsgrein: Enska</td><td>Einingar<br>5</td><td>Hæfniþrep<br>3</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Áhersla er á að nemendur vinni með flóknari og fjölbreyttari texta en áður. Orðaforði vísinda og fræða, ásamt sérhæfðum orðaforða þar sem við á, er áfram til umfjöllunar og gerð er krafa til nemandans að hann sé fær um að tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti. Menningarheimur Bretlands er skoðaður gaumgæfilega, ríkjandi venjur og siðir og staða landsins í alþjóðasamfélaginu. Lesnar eru greinar um bresk þjóðfélagsmál og lesin skáldverk eftir breska höfunda og fjallað um þau með hugtökum og orðaforða bókmenntaumræðu. Skoðað er sýnishorn af kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og heimildamyndum og það túlkað út frá menningarlegu samhengi. Nemendur vinna sjálfstætt að viðameiri verkefnum sem tengjast landi og þjóð og krefst sú vinna aukinnar hagnýtingar á tungumálinu þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi og aukið læsi á menningu og umhverfi.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur: 10 einingar í ensku á 2. þrepi.</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• orðaforða í ræðu og riti sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi<br>• ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna í þeim löndum þar sem tungumálið er notað<br>• sögu, þjóðfélagsfræði og menningu á helstu málsvæðum enskunnar</td><td colspan="2" rowspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• beita málinu af lipurð og kunnáttu til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg, félagsleg og fjölmenningarleg efni<br>• flytja vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og bregðast við fyrirspurnum<br>• lýsa skýrt og greinilega flóknum hlutum eða ferlum á sviði sem þeir hafa kynnt sér<br>• skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau eru vegin og metin</td></tr>
<tr><td>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• lesa sér til fræðslu og/eða ánægju texta sem gera miklar kröfur til lesandans, bæði hvað varðar orðaforða og uppbyggingu<br>• greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í texta<br>• nýta sér fyrirlestra, umræður og rökræður um efni fræðilegs og menningarlegs eðlis<br>• skilja sér til gagns þegar fjallað er um flókið efni<br>• átta sig á mismunandi málsniði og stíl í töluðu máli og undirliggjandi merkingu, viðhorfum og tilgangi þess sem talar</td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Símat<br>https://namskra.is/courses/52f9e8dc62933a50d00012df</td></tr>
</table>

## ENSK3YL03CT

<table>
<tr><td>Titill: Enska - Yndislestur<br>Skammstöfun: ENSK3YL03CT<br>Námsgrein: Enska</td><td>Einingar<br>5</td><td>Hæfniþrep<br>3</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Meginmarkmið áfangans er lestur bókmenntaverka á ensku til skilnings og yndisauka. Lesin eru a.m.k. 5 bókmenntaverk, 4 af bókalista og 1 valið af nemandanum sjálfum með samþykki kennara. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, lestur og verkefnavinnu sem tengist verkunum. Að loknum lestri hvers verks á nemandi að geta gert kennara sínum grein fyrir því sem hann hefur lesið í ræðu og riti. Námsmat áfangans verður fjölbreytt en nemendur munu meðal annars sækja einkaviðtöl, flytja kynningu og skila skriflegum verkefnum út frá bókmenntaverkum fimm.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur: 10 einingar í ensku á 2. þrepi.</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<ul><li>kynni sér menningarlegt og sögulegt samhengi bókmennta hins enskumælandi heims</li><li>kunni orðaforða sem gerir þeim kleift að tileinka sér lesefni með góðu móti í áframhaldandi námi og starfi</li><li>þekki helstu hugtök í bókmenntafræði</li></ul></td><td colspan="2" rowspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<ul><li>auki lesskilning sinn</li><li>geti lagt gagnrýnið mat á texta</li><li>beiti málinu án meiriháttar vandkvæða til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rök-ræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg, félagsleg og fjölmenningarleg efni</li><li>geti greint sögulegt, félagslegt, menningar-legt eða pólitískt samhengi í texta, s.s. í bókmenntaverkum og öðrum textum</li><li>geti gert grein fyrir niðurstöðum sínum á sjálfstæðan hátt.</li><li>dragi eigin ályktanir af efninu og séu færir um að kynna þær fyrir öðrum.</li></ul></td></tr>
<tr><td>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<ul><li>lesi sér til ánægju og upplýsingar texta sem gera miklar kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu eða myndmál og stílbrögð</li><li>geti tjáð sig af öryggi um margvísleg málefni tengd bókmenntum og menningu</li><li>leggi gagnrýnið mat á texta, listrænt gildi hans og mismunandi stílbrögð höfunda</li><li>geti rætt á ensku um upplifun sína af þeim verkum sem lesin eru</li></ul></td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Símat</td></tr>
</table>

## FÉLA2BY05AT

<table>
<tr><td>Titill: Inngangur að félagsfræði<br>Skammstöfun: FÉLA2BY05AT<br>Námsgrein: Félagsfræði</td><td>Einingar<br>5</td><td>Hæfniþrep<br>2</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Byrjunaráfangi í félagsfræði. Fjallað er um sjónarhorn og vinnuaðferðir félagsfræðinnar og helstu hugtök félagsfræðinnar kynnt. Fjallað um áhrif samfélagsins á aðstæður, hugsun og hegðun einstaklingsins og hvernig einstaklingurinn getur haft áhrif á samfélagið. Fjallað er um þróun mannlegra samfélaga, hnattvæðingu og stöðu íslensks samfélags meðal þjóðanna. Fjallað um stjórnskipan og helstu einkenni íslensks samfélags. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að taka þátt í samfélagslegum umræðum og mynda sér skoðanir á grunni þekkingar og umburðarlyndrar afstöðu.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur:</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• algengustu hugtökum félagsvísinda<br>• mótunaröflum einstaklinga<br>• margbreytileika mannlegra samfélaga og þróunarsögu þeirra<br>• áhrifum iðnvæðingar á íslenskt samfélag<br>• skipulagi íslensks samfélags og stjórnarskrá íslenska lýðveldisins<br>• réttindum og skyldum einstaklingsins gagnvart samfélaginu<br>• hnattvæðingu<br>• stöðu Íslands meðal þjóðanna</td><td colspan="2" rowspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• meta upplýsingar og móta sér skoðanir á samfélagsmálum á upplýstan, gagnrýninn og umburðarlyndan hátt<br>• taka þátt í samræðum um samfélagsmál á upplýstan, gagnrýninn og umburðarlyndan hátt<br>• takast á við áframhaldandi nám í félagsfræði í framhaldsskóla</td></tr>
<tr><td>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• lesa félagsfræðilega texta<br>• nota félagsfræðileg hugtök til að greina og bera saman aðstæður manna í mismunandi samfélögum og á mismunandi tímum<br>• íhuga og ræða eigin hugmyndir og fordóma<br>• fjalla á gagnrýninn hátt um samfélagsleg málefni líðandi stundar</td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Símat<br>https://namskra.is/courses/54e8e9d162933a1936000b3e</td></tr>
</table>

## ÍSLE1LT05XT

| **Titill: Íslenska - grunnáfangi**<br>**Skammstöfun:** ÍSLE1LT05XT<br>**Námsgrein:** Íslenska | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem ekki hafa náð góðum tökum á námsefni íslensku í lokaáföngum grunnskóla. Stefnt er að því að efla sjálfstraust nemenda og trú á eigin málfærni í ræðu og riti. Áhersla er lögð á að nemendur bæti lestrartækni, lestarhraða og lesskilning sinn. Ennfremur fá þeir þjálfun í málfræðihugtökum sem nýtast í tal- og ritmáli og grunnhugtökum í ritgerðasmíð. Nemendur auka orðaforða sinn í ræðu og riti.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- grunnhugtökum í ritgerðasmíð.
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal - og ritmáli.
- réttritun og reglum sem gilda um hana.
- gildi góðrar lestarkunnáttu í lífi og starfi.
- á mismunandi lestaraðferðum.

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- að beita mismunandi lestaraðferðum við ólíkar gerðir texta.
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta.
- draga saman aðalatriði í fyrirlestrum og lesmáli.
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni.
- skrifa ýmsar tegundir nytjatexta þar sem framsetning er skýr og skipulögð.

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- auka sjálfstraust sitt og trú á eigin málfærni í ræðu og riti.
- tjá sig um ýmiss málefni í ræðu og riti.

**Námsmat**

Símat

https://namskra.is/courses/54e8ea1c62933a1936000b42

## ÍSLE1UP05YT

| **Titill: Íslenska, grunnur - framhald**<br>**Skammstöfun:** ÍSLE1UP05YT<br>**Námsgrein:** Íslenska | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Áhersla er lögð á upprifjun á námsefni 10. bekkjar í réttritun, orðflokkagreiningu og undirstöðuatriðum í setningafræði með það að markmiði að efla færni og sjálfstraust nemenda í íslensku. Í áfanganum er lögð áhersla á að efla lestrarfærni nemenda bæði hvað snertir hraða og skilning með það að markmiði að þeir geti lesið sér til gagns og gleði. Enn fremur þjálfast nemendur í munnlegri tjáningu og fá tækifæri og leiðsögn við að tjá hugsanir sínar í ræðu og riti. Nemendur lesa bókmenntir frá ýmsum tímum, eina Íslendingasögu auk samtímabókmennta og fjalla um þær skriflega og munnlega.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- mismunandi aðferðum sem beitt er við lestur ólíkra texta.
- hvaða hjálpargögn hann getur nýtt sér við réttritun.
- helstu sameiginlegu einkennum Íslendinga-sagna.
- orðflokkum í íslensku og geti greint texta í orðflokka.
- undirstöðuatriðum í setningafræði og viti hvað greinir að aðal- og aukasetningar.
- hvernig byggja skal upp efnisgreinar og tengja þær í samfelldum texta.

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- nýta sér mismunandi aðferðir við lestur texta af ólíku þyngdarstigi.
- greina texta í orðflokka.
- greina að aðal- og aukasetningar.
- fara yfir eigin texta.
- nýta sér tiltæk hjálpargögn við réttritun og lagfæringu eigin texta.

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- velja sér lesefni að eigin smekk.
- tjá hugmyndir sínar og skoðanir í ræðu og riti.
- vinna einn og með öðrum á sjálfstæðan hátt að lausn mismunandi verkefna.

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/5851311462933a33a602190f*

## ÍSLE2AA05AT

<table>
<tr><td>Titill: Íslenska, lestur og ritun<br>Skammstöfun: ÍSLE2AA05AT<br>Námsgrein: Íslenska</td><td>Einingar<br>5</td><td>Hæfniþrep<br>2</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Kjarnahugtök áfangans eru lestur og ritun. Áhersla er lögð á að nemendur efli færni sína í lestri. Þeir vinna markvisst að því að efla leshraða sinn og lesskilning á einstaklingsgrundvelli. Þeir nemendur sem þess þurfa fá ennfremur leiðbeiningar til þess að bæta kunnáttu sína í réttritun. Nemendur lesa mismunandi gerðir texta og bókmenntaverk frá ólíkum tímum og fjalla um gerð þeirra og inntak. Þeir þjálfast í ritun mismunandi texta og meðferð heimilda. Nemendur fá þjálfun í hugtakanotkun við umfjöllun um mismunandi texta, stíl þeirra og málsnið.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur:</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<ul><li>gildi góðrar lestrarkunnáttu í lífi og starfi.</li><li>grunnhugtökum í ritgerðasmíð.</li><li>upplýsingaöflun og notkun heimilda í ritun.</li><li>réttritunarreglum í íslensku eftir því sem við á.</li><li>mismunandi tegundum bókmenntatexta og grunnhugtökum sem notuð eru við umfjöllun um bókmenntir.</li><li>hugtökum sem nýtast við umfjöllun um tal- og ritmál.</li><li>málsniði og stíl og helstu stílbrögðum og stíleinkennum texta.</li></ul></td><td colspan="2" rowspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<ul><li>auðvelda sér nám í öðrum tungumálum og skilning á byggingu þeirra.</li><li>vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið í ræðu og riti.</li><li>setja fram skoðanir sínar í ræðu og riti og rökstyðja þær.</li><li>túlka bókmenntatexta þótt merkingin liggi ekki á yfirborðinu.</li></ul></td></tr>
<tr><td>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<ul><li>markvissri notkun viðeigandi hjálpargagna við frágang ritsmíða.</li><li>ritun nytjatexta af ýmsu tagi með mismunandi málsniði.</li><li>að flytja ræður, endursagnir og kynningar af mismunandi tagi af öryggi.</li><li>að beita mismunandi lestraraðferðum í samræmi við gerðir texta.</li><li>að draga saman aðalatriði og finna megininntak texta.</li><li>að draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt.</li><li>að lesa bókmenntir sér til gagns og gamans og fjalla um inntak þeirra.</li></ul></td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Símat<br>https://namskra.is/courses/54e8eabf62933a1936000b47</td></tr>
</table>

# ÍSLE2GO05BT

| **Titill: Íslenskt mál og menningarsaga**<br>**Skammstöfun:** ÍSLE2GO05BT<br>**Námsgrein:** Íslenska | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>2 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í þessum áfanga er fjallað um mál og menningarsögu og áhersla er lögð á bókmenntir og ritun. Nemendur lesa íslenskar bókmenntir frá mismunandi tímum og ræða og fjalla um stíl þeirra og inntak í ræðu og riti. Þeir vinna með hugtök sem notuð eru við umfjöllun um bókmenntir og skrifa lengri og styttri texta. Nemendur læra um norræna goðafræði og lesa hluta Snorra-Eddu og Völuspá. Þeir læra um málsögu íslensku og helstu breytingar sem orðið hafa á málinu frá öndverðu. Ennfremur læra þeir að nýta sér heimildir og fá þjálfun í meðferð þeirra.

**Forkröfur**: ÍSLE2AA05AT

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- hugtökum sem nýtast við bókmennta-umfjöllun.
- hugtökum sem notuð eru við ritgerðasmíð.
- notkun heimilda í ritun.
- hagnýtum aðferðum við að setja fram mál sitt á skýran og skilmerkilegan hátt-hagnýtum aðferðum við mat á eigin vinnu og annarra.
- norrænni goðafræði eins og hún birtist í Eddu Snorra Sturlusonar.
- samhengi máls og menningarsögu.
- hugtökum í málsögu.
- helstu breytingum á íslensku frá alda öðli til okkar daga.
- inntaki Völuspár og byggingu kvæðisins.

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- fjalla skriflega og munnlega um afmarkaða þætti námsefnisins.
- vinna með öðrum nemendum í hóp að lausn ýmiss konar verkefna.
- meta eigið vinnuframlag sem og annarra.
- flytja fyrirlestra, lýsingar og kynningar í tengslum við námsefnið.
- semja texta í tengslum við námsefnið á sjálfstæðan og skapandi hátt.
- nýta sér heimildir og upplýsingar á sjálfstæðan og heiðarlegan hátt.

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið.
- lesa ólíkar tegundir bókmennta sér til gagns og gamans.
- taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu.
- leita sér heimilda og upplýsinga um tiltekið efni og vinna úr þeim á sjálfstæðan og heiðarlegan hátt.
- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið. ...sem er metið með... dýpka skilning sinn á máli og menningar-sögu.
- lesa bókmenntir sér til gagns og gamans.

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/54e8eafb62933a1936000b4a*

## ÍSLE3BF05CT

| **Titill: Fornbókmenntir**<br>**Skammstöfun:** ÍSLE3BF05CT<br>**Námsgrein:** Íslenska | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>3 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Viðfangsefni áfangans er fornbókmenntir. Fjallað er um einkenni Íslendingasagna, ritunartíma þeirra og efni. Nemendur lesa Íslendingasögu og vinna fjölbreytt verkefni í tengslum við lesturinn. Fjallað er um eddukvæði, efni þeirra, einkenni og bragfræði. Nemendur lesa goða- og hetjukvæði. Þeir þjálfast enn frekar í ritgerðasmíð.

**Forkröfur**: 10 einingar í íslensku á 2. þrepi.

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- Íslendingasögum, bakgrunni þeirra og helstu einkennum.
- efni eddukvæða og bragfræði þeirra.
- hugtökum sem notuð eru við ritgerðasmíð.

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- setja fram mál sitt í ræðu og riti á skýran og skilmerkilegan hátt.
- vinna með öðrum nemendum í hóp að lausn ýmiss konar verkefna.
- meta eigið vinnuframlag sem og annarra.

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- lesa bókmenntir, ljóð og laust mál, sér til gagns og gamans.
- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið í ræðu og riti.
- setja fram skoðanir sínar í ræðu og riti og rökstyðja þær.

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/54e8eb4b62933a1936000b4d*

## ÍSLE3BM05CT

| **Titill: Barnabókmenntir**<br>**Skammstöfun:** ÍSLE3BM05CT<br>**Námsgrein:** Íslenska | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>3 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Fjallað verður um barna- og smábarnabókmenntir sem bókmenntagrein og helstu fræðihugtök sem notuð eru í umfjöllun um slíkar bókmenntir kynnt. Nemendur kynna sér frumsamdar og þýddar barna- og smábarnabækur frá 20. og 21.öld. Ákveðnar bækur/bókaflokkar verða lagðar til grundvallar og fjallað um þær með tilliti til málnotkunar, inntaks, framsetningar og markmiða auk þess sem skoðað verður hvernig samfélagsgildi endurspeglast í þeim á hverjum tíma. Nemendur spreyta sig á að semja eigin barnabók og fá tækifæri til þess að kynna afraksturinn. Ráðstefna um barna- og unglingabókmenntir verður sótt ef kostur er og heimsóknin tengd við umfjöllun í áfanganum.

**Forkröfur**: ÍSLE2AA05BT, ÍSLE2GO05BT

**Þekkingarviðmið**

*Að nemendur:*

- Tileinki sér hugtök sem notuð eru við umfjöllun um barnabókmenntir.
- Kynni sér frumsamdar og þýddar barna- og smábarnabækur frá síðustu áratugum.
- Greini málnotkun, inntak og framsetningu barnabóka.

**Leikniviðmið**

*Að nemendur:*

- Geti greint hvernig samfélagsgildi endurspeglast í barnabókum.
- Geti útskýrt hvernig kynhlutverk koma fram í barnabókum.
- Geti gert grein fyrir málnotkun, inntaki og framsetningu í barnabókum.

**Hæfniviðmið**

*Að nemendur:*

- Semji barnabók og myndskreyti, einir eða með öðrum.
- Geti tekið þátt í umræðum um efnið á skapandi og sjálfstæðan hátt.
- Geti gert grein fyrir niðurstöðum sínum á sjálfstæðan hátt.
- Dragi eigin ályktanir af efninu og séu færir um að kynna þær fyrir öðrum.

**Námsmat**

Áfanginn er símatsáfangi og námsmat verður meðal annars áformi skriflega og munnlegra verkefa. Nemendur velja sér bók eða bókaflokk, fjalla ítarlega um hana/hann og gera grein fyrir niðurstöðum sínum skriflega og verklega. Þeir semja og myndskreyta barnabók fyrir tiltekinn aldur sem einstaklings- eða paraverkefni og kynna afraksturinn.

# ÍSLE3LF05CT

| **Titill: Bókmenntasaga 1550-1900**<br>**Skammstöfun:** ÍSLE3LF05CT<br>**Námsgrein:** Íslenska | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>3 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Bókmenntir og bókmenntasaga tímabilsins 1550-1900 er viðfangsefni þessa áfanga. Nemendur kynnast helstu straumum og stefnum á tímabilinu og lesa skáldverk sem tengjast því. Lögð er áhersla á tengsl samfélags og bókmennta. Nemendur lesa ljóð og laust mál og fara ítarlega í bragfræði. Þeir vinna fjölbreytt skrifleg og munnleg verkefni.

**Forkröfur**: 10 einingar í íslensku á 2. þrepi.

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- hugtökum í bragfræði.
- stefnum og straumum í bókmenntum á tímabilinu.
- ritgerðasmíð og heimildavinnu.

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- túlka ljóð og lýsa þeim með bragfræði-hugtökum.
- lýsa einkennum texta og tengja þá við stefnur á tímabilinu.
- vinna með öðrum nemendum í hóp að lausn ýmiss konar verkefna.
- meta eigið vinnuframlag sem og annarra.
- flytja fyrirlestra, lýsingar og kynningar í tengslum við námsefnið.

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið í ræðu og riti.
- setja fram skoðanir sínar í ræðu og riti og rökstyðja þær.
- velja sér viðfangsefni og kjósa viðeigandi framsetningarmáta fyrir það.

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/54e8eb7162933a1936000b51*

## ÍSLE3NB05CT

<table>
<tr><td>Titill: Nútímabókmenntir<br>Skammstöfun: ÍSLE3NB05CT<br>Námsgrein: Íslenska</td><td>Einingar<br>5</td><td>Hæfniþrep<br>3</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Viðfangsefni áfangans er nútímabókmenntir og bókmenntasaga. Nemendur lesa fjölbreytt úrval bókmennta, ljóð og laust mál og vinna margvísleg verkefni í tengslum við lesturinn. Tengsl samfélags og bókmennta eru í forgrunni.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur: 10 einingar í íslensku á 2. þrepi.</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<ul><li>helstu bókmenntastefnum 20. aldar og áfram.</li><li>tengslum og gagnvirkni samfélags og bókmennta.</li><li>hugtökum í bragfræði.</li><li>myndmáli og stílbrögðum í ljóðagerð 20. aldar og áfram.</li></ul></td><td colspan="2" rowspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<ul><li>vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið í ræðu og riti.</li><li>setja fram skoðanir sínar í ræðu og riti og rökstyðja þær.</li><li>velja sér viðfangsefni og kjósa viðeigandi framsetningarmáta fyrir það.</li><li>lesa bókmenntir, ljóð og laust mál, sér til gagns og gamans.</li></ul></td></tr>
<tr><td>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<ul><li>tjá sig munnlega og skriflega um lesefni áfangans á skapandi hátt.</li><li>lýsa einkennum tiltekins texta og tengslum hans við bókmenntastefnur.</li><li>vinna með öðrum nemendum í hóp að lausn ýmiss konar verkefna.</li><li>meta eigið vinnuframlag sem og annarra.</li><li>flytja fyrirlestra, lýsingar og kynningar í tengslum við námsefnið.</li><li>fjalla um valið efni, munnlega og skriflega á sjálfstæðan og skapandi hátt.</li></ul></td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Símat<br><br>https://namskra.is/courses/54e8ebbd62933a1936000b55</td></tr>
</table>

## ÍSLE3YL05CT

| **Titill: Yndislestur**<br>**Skammstöfun:** ÍSLE3YL05CT<br>**Námsgrein:** Íslenska | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>3 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Markmiðið er að nemendur lesi eða hlusti á upplestur á bókum sér til gagns og gamans og víkki þannig sjóndeildarhring sinn. Þeir þurfa að tileinka sér efni bókanna nægilega vel til þess að geta gert grein fyrir því í ræðu og riti eftir atvikum. Með mismunandiaðferðum við námsmat er stefnt að því að nemendur njóti sín á grundvelli styrkleika á ólíkum sviðum. Nemendur velja sér bækur af lista eða aðrar bækur í samráði við og með samþykki kennara. Talsverð krafa er gerð um sjálfstæð og markviss innubrögð nemenda, þeir bera ábyrgð á að skipuleggja lestur sinn þannig að þeir ljúki tilskildu efni í tæka tíð.

**Forkröfur**: 10 einingar í íslensku á 2. þrepi.

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- Velji sér bækur til lestrar sem falla að áhugasviði þeirra.
- Skipuleggi lestur sinn á raunhæfan hátt.
- Geti svarað efnislegum spurningum um söguþráð og byggingu.
- Lesi bækur og tileinki sér efni þeirra

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- Fylgi eigin áætlun um lestur.
- Velji sér þá námsmatsaðferð sem hentar þeim best hverju sinni.
- Geti gert grein fyrir því sem þeir hafa lesið á sjálfstæðan hátt.

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- Draga ályktanir af því sem þeir lesa og setja þær fram skriflega eða munnlega.
- Setja það sem þeir lesa í samhengi við reynslu sína á öðrum sviðum.
- Velja sér bækur við hæfi.

**Námsmat**

Námsmat verður með því sniði að kennari tekur viðtöl við nemendur um bækur að lestri loknum en nemendur geta líka valið um að námsmat sé skriflegt, þ.e. þeir skili skýrslu um bókina eða á myndrænu formi þar sem þeir myndskreyta bókina.

## ÍÞRÓ1GH02AT

| **Titill: Líkaminn í leik og starfi**<br>**Skammstöfun:** ÍÞRÓ1GH02AT<br>**Námsgrein:** Íþróttir | **Einingar**<br>2 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Þetta er bóklegur áfangi þar sem farið er yfir hvernig líkaminn bregst við í leik og starfi og undirbúning hans við væntanlegu álagi.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- upphitun – þoli – styrk – liðleika
- mataræði – íþróttaslys
- blóðrásakerfinu – líkamsbeitingu
- gerð æfingaáætlana

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- vinna með grunnþætti líkamsþjálfunar
- vinna sjálfstætt
- setja upp æfingaáætlun

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- viðhalda líkamsþreki sínu
- geta valið sér þá hreyfingu sem fellur að hans þörfum
- vera meðvitaður um líkamsástand sitt

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/54e900d262933a1936000b7d*

ÍÞRÓ1LA01AT

| **Titill: Styrkur, líkamsbeiting, snerpa**<br>**Skammstöfun:** ÍÞRÓ1LA01AT<br>**Námsgrein:** Íþróttir | **Einingar**<br>1 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í þessum áfanga stunda nemendur markvissa hreyfingu og öðlast þekkingu til þess að setja sér raunhæf markmið í heilsurækt.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- þolþjálfun
- upphitun
- liðleika
- styrk

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- vinna með grunnþætti líkamsþjálfunar
- vinna sjálfstætt
- setja upp æfingaáætlun

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- viðhalda líkamsþreki sínu
- gera mælingar á líkamsástandi sínu og bregðast rétt við niðurstöðum mælinga

**Námsmat**

Símat

https://namskra.is/courses/54e9014562933a1936000b82

## ÍÞRÓ1LB01BT

| **Titill: Styrkur, líkamsbeiting, snerpa**<br>**Skammstöfun:** ÍÞRÓ1LB01BT<br>**Námsgrein:** Íþróttir | **Einingar**<br>1 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í þessum áfanga stunda nemendur markvissa hreyfingu og öðlast þekkingu til þess að setja sér raunhæf markmið í heilsurækt.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- þolþjálfun
- upphitun
- liðleika
- styrk

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- vinna með grunnþætti líkamsþjálfunar
- vinna sjálfstætt
- setja upp æfingaáætlun

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- viðhalda líkamsþreki sínu
- gera mælingar á líkamsástandi sínu og bregðast rétt við niðurstöðum mælinga
- vera meðvitaður um líkamsástand sitt

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/54e9017a62933a1936000b86*

## ÍÞRÓ1LC01CT

| **Titill: Styrkur, líkamsbeiting, snerpa**<br>**Skammstöfun:** ÍÞRÓ1LC01CT<br>**Námsgrein:** Íþróttir | **Einingar**<br>1 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í þessum áfanga stunda nemendur markvissa hreyfingu og öðlast þekkingu til þess að setja sér raunhæf markmið í heilsurækt.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- þolþjálfun
- upphitun
- liðleika
- styrk

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- vinna með grunnþætti líkamsþjálfunar
- vinna sjálfstætt
- setja upp æfingaáætlun

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- viðhalda líkamsþreki sínu
- gera mælingar á líkamsástandi sínu og bregðast rétt við niðurstöðum mælinga
- vera meðvitaður um líkamsástand sitt

**Námsmat**

Símat

https://namskra.is/courses/54e9024462933a1936000b8f

## ÍÞRÓ1BT01AT*

| **Titill: Badminton**<br>**Skammstöfun:** ÍÞRÓ1BT01AT*<br>**Námsgrein:** Íþróttir | **Einingar**<br>1 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í áfanganum er farið yfir helstu þætti í badminton Farið verður yfir hvernig hægt er að nýta badminton sem almenna hreyfingu sér til ánægju og heilbrigðis. Lögð er áhersla á að nemendur upplifi félagslega styrkingu í áfanganum sem og upplifi ánægjuna við það að tilheyra liðsheild.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- Leikreglum badminton, bæði í einliða ogtvíliðaleik.
- Grunnatriðum í leikfræði badminton.
- Hvernig nýta megi badminton sér til
- heilsubótar.

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- Hafa skilning á helstu reglum í badminton.
- Að notfæra sér íþróttina sem hluta af
- almennri hreyfingu í lífinu.

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- Geta nýtt sér badminton sem hluta
- af sinni hreyfingu í framtíðinni sér til
- ánægju og heilsubótar.
- Geta tekið þátt í og eða stýrt æfingu
- hjá einstaklingum sem eru að stíga
- sín fyrstu skref í badminton.

**Námsmat**

Áfanginn er símatsáfangi þar sem mæting og þátttaka í tímum skiptir mjög miklu máli

** Val upp í hundrað einingar á opinni stúdentsbraut eða íþróttaáfanga*

## ÍÞRÓ1BL01AT*

| **Titill: Blak**<br>**Skammstöfun:** ÍÞRÓ1BL01AT*<br>**Námsgrein:** Íþróttir | **Einingar**<br>1 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í áfanganum er farið yfir helstu þætti í blaki. Farið verður yfir hvernig hægt er að nýta blak sem almenna hreyfingu sér til ánægju og heilbrigðis. Lögð er áhersla á að nemendur upplifi félagslega styrkingu í áfanganum sem og upplifi ánægjuna við það að tilheyra liðsheild.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- Meginleikreglum í blaki.
- Grunnatriðum í leikfræði blaksins
- Hvernig nýta megi blak sér til heilsubótar.

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- Leika blak sér til heilsubótar og ánægju.
- Að notfæra sér íþróttina sem hluta af almennri hreyfingu í lífinu.

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- Átta sig á mikilvægi hreyfingar fyrir andlega og líkamlega líðan einstaklingsins.
- Vinna með öðrum og vera hluti af hópi.

**Námsmat**

Áfanginn er símatsáfangi þar sem mæting og þátttaka í tímum skiptir mjög miklu máli

** Val upp í hundrað einingar á opinni stúdentsbraut eða íþróttaáfanga*

## ÍÞRÓ1JÓ01AT*

<table>
<tr><td>Titill: Jóga<br>Skammstöfun: ÍÞRÓ1JÓ01AT*<br>Námsgrein: Íþróttir</td><td>Einingar<br>1</td><td>Hæfniþrep<br>1</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Markmið áfangans er að auka áhuga og getu nemandans svo hann geti nýtt sér jóga sér til heilsubótar og ánægju. Farið er yfir grunnlíkamsstöður í jóga í formi æfinga. Lagt er upp með að nemandinn upplifi ánægju og vellíðan bæði andlega og líkamlega í gegnum jógaferlið.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur:</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• Að stunda jóga sér til heilsubótar<br>• Nýta sér öndun og slökun í daglegu lífi.<br>• Að tileinka sér helstu grunntækni íþróttarinnar og þekkja og meta eigin getu og takmarkanir.</td><td colspan="2" rowspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• Tileinka sér grunntækni íþróttarinnar. Tileinka sér grunnæfingar til að bæta sig í íþróttinni, ýmsum aðferðum við líkams-þjálfun, áhrifum líkams- og heilsuræktar fyrir andlega og líkamlega vellíðan, öndun og slökun.</td></tr>
<tr><td>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• Átta sig á mikilvægi hreyfingar fyrir andlega og líkamlega líðan.<br>• Bæta heilsufar, sjálfstraust og efla með sér meðvitund umaugnablikið.<br>• Fá andlega og líkamlega útrás.<br>• Nýta sér jóga til heilsubótar í dagleguífi og til að skapa jafnvægi í líkama, tilfinningum og huga.<br>• Að notfæra sér íþróttina sem hluta af almennri hreyfingu í lífinu.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Áfanginn er símatsáfangi þar sem mæting og þátttaka í tímum skiptir mjög miklu máli<br><br>* Val upp í hundrað einingar á opinni stúdentsbraut eða íþróttaáfanga</td></tr>
</table>

## ÍÞRÓ1KN01AT*

| **Titill: Knattspyrna**<br>**Skammstöfun:** ÍÞRÓ1KN01AT*<br>**Námsgrein:** Íþróttir | **Einingar**<br>1 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í áfanganum er farið yfir helstu þætti knattspyrnu. Farið verður yfir hvernig hægt er að nýta knattspyrnu sem almenna hreyfingu sér til ánægju og heilbrigðis. Lögð er áhersla á að nemendur upplifi félagslega styrkingu í áfanganum sem og upplifi ánægjuna við það að tilheyra liðsheild.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- Leikreglum knattspyrnu.
- Grunnatriðum í leikfræði knattspyrnu.
- Hvernig nýta megi knattspyrnu sér til heilsubótar.

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- Hafa skilning á helstu reglum knattspyrnu.
- Að notfæra sér íþróttina sem hluta af almennri hreyfingu í lífinu.
- Skipuleggja og undirbúa sig til einfaldari gönguferða á hálendi jafnt sem lálendi.

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- Geta nýtt sér knattspyrnu sem hluta af sinni hreyfingu í framtíðinni sér til ánægju og heilsubótar.
- Geta tekið þátt í og eða stýrt æfingu hjá einstaklingum sem eru að stíga sín fyrstu skref í knattspyrnu.

**Námsmat**

Áfanginn er símatsáfangi þar sem mæting og þátttaka í tímum skiptir mjög miklu máli

** Val upp í hundrað einingar á opinni stúdentsbraut eða íþróttaáfanga*

## ÍÞRÓ1NH01AT*

| **Titill: Náttúrhlaup**<br>**Skammstöfun:** ÍÞRÓ1NH01AT*<br>**Námsgrein:** Íþróttir | **Einingar**<br>1 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Tilgangurinn með náttúrhlaupum er að stuðla að aukinni hamingju fólks og leiða það inn í nýjan lífsstíl og vera farvegur fyrir fólk að stunda hlaup í náttúrunni í góðum félagsskap. Farið verður yfir hvernig hægt er að nýta náttúruhlaup sem almenna hreyfingu sér til ánægju og heilbrigðis. Lögð er áhersla á að nemendur upplifi félagslega styrkingu í áfanganum sem og upplifi ánægjuna við það að tilheyra liðsheild.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- Hvernig nýta megi náttúruhlaup sér til heilsubótar.

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- Að notfæra sér íþróttina sem hluta af almennri hreyfingu í lífinu.

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- Göngu og hlaupaleiðum í náttúrunni.
- Hvernig hægt sé að nýta mismunandi hjartslátt sér til heilsubótar og hvernig álag hefur mismunandi áhrif.

**Námsmat**

Áfanginn er símatsáfangi þar sem mæting og þátttaka í tímum skiptir mjög miklu máli

** Val upp í hundrað einingar á opinni stúdentsbraut eða íþróttaáfanga*

## ÍÞRÓ1SU01AT*

| **Titill:** **Sund**<br>**Skammstöfun:** ÍÞRÓ1SU01AT*<br>**Námsgrein:** Íþróttir | **Einingar**<br>1 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í áfanganum er farið yfir helstu þætti sunds. Nemendur öðlast skilning á því hvernig hægt sé að nýta sundiðkun sem almenna hreyfingu sér til ánægju og heilbrigðis.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- Mismunandi sundaðferðum.
- Hvernig nýta megi sund sér til heilsubótar.

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- Öðlist skilning á hvernig hægt sé að nýta sér sundiðkun sér til heilsubótar.
- Skilja hvernig sund sem hreyfing hefur jákvæð áhrif á heilsu einstaklinga, andlega,
- líkamlega og félagslega.
- Notfæra sér íþróttina sem hluta af almennri hreyfingu í lífinu.

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- Geta nýtt sér sund sem hluta af sinni hreyfingu í framtíðinni sér til ánægju og heilsubótar.

**Námsmat**

Áfanginn er símatsáfangi þar sem mæting og þátttaka í tímum skiptir mjög miklu máli

** Val upp í hundrað einingar á opinni stúdentsbraut eða íþróttaáfanga*

## JARÐ2AJ05AT

| **Titill: Jarðfræði**<br>**Skammstöfun:** JARÐ2AJ05AT<br>**Námsgrein:** Jarðfræði | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>2 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í þessum áfanga í almennri jarðfræði er unnið að því að skapa þekkingu á þeim ferlum sem eru að verkum á og undir yfirborði jarðar. Fræðileg umfjöllun greinarinnar verður tengd við þau ummerki sem hvarvetna eru sýnileg í landslaginu í kringum okkur og þannig reynt að skapa áhuga og skilning á umhverfinu og notagildi jarðfræðiþekkingar í leik og starfi. Fjallað er um aðferðafræði, hjálpargögn og sögulega þróun í jarðfræði. Sérstaða og grunnhugtök eru kynnt: • Innræn öfl, uppruni og afleiðingar, innri gerð jarðar, landrek, flekakenningin • Sérstaða Íslands í jarðfræðilegu tilliti og þættir úr staðfræði landsins • Eldfjallafræði, eldvirkni, flokkun bergs, eldstöðva, hrauna og jarðhitasvæða • Útræn öfl, uppruni og afleiðingar, veðrun og rof.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- hugtökum, kenningum og aðferðum jarð-fræðinnar
- notagildi jarðfræðilegrar þekkingar og mikilvægi hennar til skilnings á umhverfinu
- samspili innrænna og útrænna afla og hvernig þekkja má ummerki eftir þau
- innri gerð jarðar, landreki og jarðskorpu-flekum
- eldvirkni á Íslandi, ummerkjum um hana og staðsetningu jarðfræðilegra fyrirbæra á landinu
- flokkun bergs og hvernig hún endurspeglar ólík birtingarform jarðfræðilegra ferla
- roföflum og hvernig ólík öfl móta landið

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- beita hugtökum og kenningum á skilmerkilegan hátt og í rökrænu samhengi
- greina ummerki innrænna og útrænna afla við landmótun og álykta um þau
- staðsetja náttúrufyrirbæri á Íslandi og tengja náttúrufarslega þætti við stað-setninguna
- greina berg og steindir og geti nýtt bergfræði við flokkun og túlkun jarðfræðilegra fyrirbæra

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- sýna sjálfstæð og öguð vinnubrögð, virkni í gagnaöflun, leggja sjálfstætt mat á upplýsingar við úrvinnslu og geta sett niðurstöður fram í rökræðu
- geta lesið í umhverfi sitt
- geta dregið ályktanir af ólíkum aðstæðum á Íslandi varðandi landslag og jarð-myndanir
- tengja undirstöðuþætti jarðfræðinnar við umhverfi sitt og geta fjallað á rökrænan hátt um mikilvægi og notagildi þeirra fyrir daglegt líf

**Námsmat**
Símat

*https://namskra.is/courses/56e6747162933a031600be66*

## JARÐ2KJ05BT

<table>
<tr><td>Titill: Jarðfræði<br>Skammstöfun: JARÐ2KJ05BT<br>Námsgrein: Jarðfræði</td><td>Einingar<br>5</td><td>Hæfniþrep<br>2</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Áfanginn er framhaldsáfangi í jarðfræði með áherslu á eftirtalin atriði: • Berg- og steindafræði: Myndun kviku, greining bergs og steinda. • Jarðskorpuhreyfingar: Farið er í orsakir og afleiðingar jarðskjálfta. Hvernig upplýsingar frá skjálftum eru notaðar við að lýsa innri gerð jarðar. Farið er í túlkun skjálftarita og fjallað um þær upplýsingar sem hægt er að lesa úr þeim. • Almenn jarðsaga: Uppruni og myndun jarðar, tímatal, aldur jarðar, aldursákvarðanir, jarðsögutaflan og skiptingu hennar. Þróun lífs, fyrstu lífverur, breytingar í lífríki, þróun einstakra hópa lífvera. • Landrek: Farið yfir helstu tilgátur og kenningar og rökfærslur fyrir þeim, opnun N-Atlantshafs og myndun Íslands.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur: JARÐ2AJ05AT</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• kenningum um uppruna og aldur jarðar<br>• jarðsögutöflunni, geti skýrt hana og sagt frá einkennum hverrar aldar í sögu jarðar<br>• þróun lífríkis á jörðinni út frá völdum dæmum um þróun einstakra hópa lífvera<br>• mismunandi kenningum um massadauða lífvera<br>• ísöldum og kenningum um orsakir þeirra<br>• landreki og geti skýrt, með tilliti til þess, myndun valinna svæða á jörðinni<br>• jarðsögu Íslands með tilliti til mismunandi þátta, s.s. landreks, loftslags, jarðlaga, eldvirkni og lífríkis<br>• helstu gerðum jarðmyndana hér á landi<br>• mismunandi gerðum jarðskjálftabylgna og mælikvarða á stærð skjálfta<br><br>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• greina berg og steindir og geti út frá því fjallað um myndun bergs og mismunandi gerða kviku<br>• reikna út skjálftamiðju og stærð jarðskjálfta út frá upplýsingum frá jarðskjálftamælum</td><td colspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• skýra myndun mismunandi jarðlaga og tengja við ástand umhverfis á myndunartíma þeirra, s.s. hitastig og orku í umhverfinu<br>• tengja jarðmyndanir á Íslandi og ríkjandi umhverfisaðstæður á myndunartíma þeirra<br>• geta nýtt kort og mæliniðurstöður til að segja til um myndun bergs og lands<br>• sýna sjálfstæð og öguð vinnubrögð, virkni í gagnaöflun og geta lagt sjálfstætt mat á upplýsingar við úrvinnslu og geta sett fram niðurstöður á skilmerkilegan hátt<br>• draga ályktanir um ólíkar aðstæður á Íslandi varðandi landslag og jarðmyndanir<br>• tengja undirstöðuþætti jarðfræðinnar við umhverfi sitt og geta fjallað á rökrænan hátt um mikilvægi og notagildi þeirra fyrir daglegt líf</td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Símat<br>https://namskra.is/courses/54e902ed62933a1936000b9b</td></tr>
</table>

## LÍFF1GR05AT

| Titill: Líffræði<br>Skammstöfun: LÍFF1GR05AT<br>Námsgrein: Líffræði | Einingar<br>5 | Hæfniþrep<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í þessum áfanga er gerð grein fyrir hlutverki líffræðinnar og tengslum hennar við aðrar fræðigreinar. Fjallað er um helstu viðfangsefni líffræðinnar, farið yfir grunnhugtök og líffræðilega ferla og fjölbreytileiki lífvera kynntur. Skoðað verður samspil milli lífvera og umhverfis. Helstu efnisþættir eru: Líffræði sem fræðigrein og undirflokkar hennar, helstu sameiginleg einkenni lífvera, efni og helstu efnaferlar í lífverum, bygging og starfsemi fruma, fjölbreytileiki og flokkun lífvera, grundvallaratriði vistfræðinnar, æxlun lífvera, grundvallaratriði erfða og helstu kenningar um þróun. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist þekkingu og skilning á umhverfi sínu og því sem menn eiga sameiginlegt með öðrum lífverum. Því er reynt að tengja líffræðina daglegu lífi og áhugasviði ungs fólks. Einnig eru verkefni tengd umhverfi nemenda með það fyrir augum að auka áhuga þeirra og kynna þeim mikilvægi þekkingar á líffræði í daglegu lífi. Nemendur verði undirbúnir undir frekara nám í líffræði og skyldum greinum.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- sérkennum líffræðinnar sem fræðigreinar og tengslum hennar við aðrar greinar
- grundvallarhugtökum líffræðinnar
- helstu einkennum lífvera
- helstu fylkingum lífvera
- grundvallaratriðum vistfræðinnar
- helstu flokkum efna í lífverum
- byggingu og starfsemi fruma
- æxlun lífvera
- helstu kenningum um erfðir og þróun

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- lesa líffræðilegar upplýsingar úr máli og myndum
- skoða lífverur í náttúrunni og í smásjá
- flokka lífverur og nota greiningarlykla
- átta sig á einföldum erfðamynstrum
- lesa í tengsl milli lífvera í umhverfinu

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- auka skilning á fyrirbærum náttúru- og raunvísinda
- leggja gróft mat á upplýsingar sem tengjast líffræðilegum viðfangsefnum í samfélaginu á gagnrýninn hátt
- tengja undirstöðuþekkingu í líffræði við daglegt líf og umhverfi og sjá notagildi hennar
- taka ábyrgð á eigin lífi m.t.t. líffræðilegra þátta
- afla sér frekari þekkingar á líffræðilegum viðfangsefnum

**Námsmat**

Símat

https://namskra.is/courses/54e9032362933a1936000b9e

## LÍFF2LE05BT

<table>
<tr><td>Titill: Líffræði<br>Skammstöfun: LÍFF2LE05BT<br>Námsgrein: Líffræði</td><td>Einingar<br>5</td><td>Hæfniþrep<br>2</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Í þessum áfanga í lífeðlisfræði er gerð grein fyrir inntaki lífeðlisfræðinnar og farið í helstu þætti í líkamsstarfsemi lífvera. Bornar verða saman mismunandi lífverur en aðaláhersla þó á lífeðlisfræði mannsins. Helstu efnisþættir eru: innri starfsemi fruma, boðflutningur; efnaboð og taugaboð, blóðrás og önnur flutningskerfi, varnarkerfi, úrgangslosunarkerfi, næringarnám og melting, stoðkerfi og hreyfing, skynjun og æxlun og þroski. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist þekkingu og skilning á starfsemi líkama lífvera og hvernig náttúran notar mismunandi leiðir að sama markmiði hjá mismunandi lífverum. Reynt verður að auka skilning nemenda á þeirra eigin líkamsstarfsemi og auðvelda þeim að taka ábyrgð á eigin lífsháttum m.t.t. þess að viðhalda heilbrigði sínu. Kynnt er mikilvægi þekkingar á lífeðlisfræði í daglegu lífi. Nemendur verði búnir undir frekara nám í lífeðlisfræði og skyldum greinum.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur:</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• frumulífeðlisfræði<br>• mismunandi hlutverkum boðefna<br>• eðli taugaboða og starfsemi taugakerfis<br>• flutningskerfum plantna<br>• blóðrás og hlutverkum blóðs<br>• mismunandi öndunarkerfum lífvera<br>• úrgangslosun og efnastjórn<br>• stoðkerfum og eðli hreyfingar<br>• skynjun manna og dýra<br>• fósturþroska</td><td colspan="2" rowspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• auka skilning á lífeðlisfræðilegum viðfangsefnum<br>• leggja gróft mat á lífeðlisfræðilegar upplýsingar á gagnrýninn hátt<br>• tengja undirstöðuþekkingu í lífeðlisfræði við daglegt líf og sjá notagildi hennar<br>• taka ábyrgð á eigin lífi m.t.t. lífeðlisfræðilegra þátta<br>• afla sér frekari þekkingar á sviði lífeðlisfræðinnar</td></tr>
<tr><td>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• lesa lífeðlisfræðilegar upplýsingar úr máli og myndum<br>• skoða vefi og líffæri<br>• lesa í samspil mismunandi líffærakerfa við stjórn líkamsstarfseminnar<br>• meta áhrif lífshátta á heilbrigða þroskun og starfsemi líkamans</td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Símat<br>https://namskra.is/courses/54e9034462933a1936000ba1</td></tr>
</table>

## MENL1AL05AT

| **Titill: Menningarlæsi**<br>**Skammstöfun:** MENL1AL05AT<br>**Námsgrein:** Menningarlæsi | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í Innihald áfangans er breytilegt frá önn til annar en lögð er áhersla á að nemendur beiti gagnrýnni hugsun til þess að dýpka og efla læsi sitt á eigið umhverfi, efnislega og menningarlega. Nemendur læra að sjá umhverfi sitt í samhengi, hvernig menning okkar er og hvað það er sem hefur skapað hana og að þekkja rætur hennar. Nemendur kynna sér það sem er að gerast í menningarlífinu, meta það og skoða með aðstoð samnemenda og kennara. Námið er verkefnabundið og nemendur rannsaka viðfangsefni áfangans hverju sinni á gagnrýninn hátt. Dæmi um möguleg viðfangsefni: • Byggingarlist • Siðfræði • Hönnun • Myndlist • Leiklist • Tónlist • Menningarhugtakið

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- grunnhugtökum sem notuð eru við umfjöllun um þau viðfangsefni sem áfanginn snýst um hverju sinni

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- tjá sig í ræðu og riti á sjálfstæðan hátt um viðfangsefni áfangans
- beita hugtökum sem lúta að viðfangsefni áfangans í umfjöllun um viðfangsefni hans

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- taka virkan þátt í umræðu í samfélaginu sem varðar viðfangsefni áfangans, sem er metið með umræðum, verkefnaskilum, sjálfsmati og jafningjamati eftir því sem við á
- horfa gagnrýnum augum á umhverfi sitt og átta sig á því hvað hefur skapað það sem er metið með umræðum, verkefnaskilum, sjálfsmati og jafningjamati eftir því sem við á

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/54c38ee562933a7ff50008fd*

## NÁLÆ1AN05AT

<table>
<tr><td>Titill: Náttúrulæsi<br>Skammstöfun: NÁLÆ1AN05AT<br>Námsgrein: Náttúrulæsi</td><td>Einingar<br>5</td><td>Hæfniþrep<br>1</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br><br>Í áfanganum kynnast nemendur ýmsum grunnhugmyndum náttúruvísinda og fá tækifæri til að tengja þær við fyrri þekkingu og sitt daglega líf. Leitast er við að þjálfa nemendur í gagnrýninni hugsun og að þeir auki færni sína í vinnubrögðum sem tengjast öflun, úrvinnslu og framsetningu upplýsinga. Síðast en ekki síst er leitast við að vekja áhuga, efla þekkingu og ábyrgðarkennd nemenda gagnvart náttúrunni. Í áfanganum er leitast við að fjalla um ólík viðfangsefni úr raunvísindum en innihald getur verið breytilegt milli anna og jafnvel geta tvær útfærslur verið í gangi á sömu önninni. Nemendur hafa þá val um hvaða útfærslu þeir velja. Dæmi um möguleg viðfangsefni: • Umhverfismál • Sjálfbærni • Veðurfræði • Orka og virkjanir • Stjörnufræði • Efnafræði daglegs lífs • Landgræðsla (vistfræði) • Loftslagsbreytingar • Erfðafræði • Eldvirkni og jarðskjálftar • Vatn: Hringrás þess og mikilvægi</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur:</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br><br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br><br>• grunnhugtökum sem notuð eru við umfjöllun um þau viðfangsefni sem áfanginn snýst um hverju sinni<br><br>Leikniviðmið<br><br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br><br>• grunnhugtökum sem notuð eru við umfjöllun um þau viðfangsefni sem áfanginn snýst um hverju sinni</td><td colspan="2">Hæfniviðmið<br><br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br><br>• taka þátt í umræðu í samfélaginu um mál sem varða viðfangsefni áfangans ...sem er metið með... umræðum, verkefnaskilum, sjálfsmati og jafningjamati eftir því sem við á<br>• meta hvort upplýsingar séu réttar og/eða áreiðanlegar sem er metið með umræðum og prófum eftir því sem við á<br>• meta hvaða spurningar eru vísindalegar og hvernig vísindaheimurinn myndi leita svara við þeim sem er metið með verkefnaskilum, umræðum og prófum eftir því sem við á</td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Símat<br><br>https://namskra.is/courses/52fb6e4662933a50d000147e</td></tr>
</table>

## RAFÍ1RA05AT*

| **Titill: Rafíþróttir**<br>**Skammstöfun:** RAFÍ1RA05AT*<br>**Námsgrein:** Rafíþróttir | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Nemendur læra og afla sér þekkingar á rafíþróttum og eru búnir undir hvernig hægt er að kynna og spila rafíþróttir í nærumhverfinu, í frjálsri félagastarfsemi eða í frístundastarfi. Kenndir verða ákveðnir rafíþróttaleikir sem sérstakur áhugi er á eða hentar vel aðstæðum hverju sinni. Nemendur finni hlutverk sitt (spilari, þjálfari, skipuleggjari og fl.), skipuleggja æfingaleiki og sýna frá þeim á netinu, eiga í samskiptum við fyrirtæki um kostun á viðburðum.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- Að halda viðburði utan skóla og leiðbeina öðrum um hvernig spilun leiks fer fram
- Hvernig er að vera hluti af liðsheild
- Hvernig mismunandi leikir krefjast mismunandi leikni og færni til að gera liðið betra
- Markaðs- og viðskiptafræði í heimi rafíþróttanna

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- Stunda íþróttina og öðlast góðan tæknilegan grunn í greininni
- Taka þátt í fjölbreyttum æfingum og leikju sem tilheyra íþróttinni
- Stunda hreyfingu sem styrkir og gefur meira úthald til leikjaspilunnar
- Gera kostnaðaráætlun vegna viðburða

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- Skipuleggja viðburði t.d. skólasamkomu, netsamkomur og samkomur utan skólasamfélagsins
- Búa til kennslumyndbönd um ýmsa
- þætti rafíþróttarinnar
- Nýta sér upplýsingatækni við skipulagningu þjálfunar
- Afla kostunaraðila vegna viðburða

**Námsmat**

Símat

** Val upp í hundrað einingar á opinni stúdentsbraut eða íþróttaáfanga*

# SAGA2ÍM05AT

| **Titill: Saga**<br>**Skammstöfun:** SAGA2ÍM05AT<br>**Námsgrein:** Saga | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>2 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Áfanginn er yfirlitsáfangi í Íslands- og mannkynssögu frá árdögum til um 1750. Fjallað er um upphaf mannsins, þróun búsetu og siðmenningar, stórveldi Grikkja og Rómverja, miðaldir og nýja heimsmynd í upphafi nýaldar. Lögð er áhersla á að efla skilning nemenda á áhrifavöldum og afleiðingum í framvindu sögunnar. Aðaláherslan verður á Evrópu- og Íslandssögu þó vísað verði til annarra heimsálfa þar sem tækifæri gefast. Nútíminn hefur fært skólasamfélaginu auðvelt aðgengi að gríðarlegu magni af upplýsingum. Um leið og nemendur fá hvatningu til að nýta sér þessa möguleika færir þetta kennaranum nýjar skyldur að þjálfa nemendur í að meta og greina áreiðanleika heimilda. Í áfanganum er sérstaklega fjallað um þetta.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- völdum þáttum í Íslands- og mannkynssögu frá örófi fram til miðrar 18. aldar
- samspili náttúrufars, landkosta og hugmynda í mótun menningarsamfélaga
- megindráttum í uppruna vestrænnar menningar
- eiginleikum ólíkra heimilda
- hugtakinu söguskoðun

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- endursegja aðalatriði úr völdum hlutum námsefnisins í ræðu og riti
- meta sjónarhorn þess sem miðlar sögunni
- leggja mat á og velja þær heimildir sem eiga við hvert viðfangsefni
- vinna með samnemendum sínum að því að leysa sagnfræðileg verkefni

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- meta upplýsingar og móta sér skoðanir á sagnfræði á upplýstan, gagnrýninn og umburðarlyndan hátt
- taka þátt í samræðum um sagnfræði á upplýstan, gagnrýninn og umburðarlyndan hátt
- takast á við áframhaldandi nám í sögu í framhaldsskóla

**Námsmat**

Símat

https://namskra.is/courses/56e676d162933a031600beee

## SJRA3KT05AK

| **Titill: Rannsóknarspurning**<br>**Skammstöfun:** SJRA3KT05AK<br>**Námsgrein:** Rannsóknarspurning | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>3 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í áfanganum þjálfast nemendur í gerð heimilda- og rannsóknarritgerða þar sem stuðst er við kröfur á háskólastigi. Nemendur vinna út frá rannsóknarspurningu/efnisyrðingu, fá þjálfun í heimildaleit og heimildamati og æfa sig í notkun ritrýndra heimilda. Nemendur spyrja rannsakandi og gagnrýninna spurninga í rannsókn sinni, tengja saman þá fjölbreyttu þekkingu og hæfni sem þeir hafa aflað sér í námi sínu og nýta við útfærslu verkefnisins. Hver nemandi flytur kynningu á ritgerð sinni í lok áfangans. Allir nemendur áfangans mæta á þá kynningu.

**Forkröfur**: ÍSLE3KT05DK

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- ritgerðarsmíð og heimildavinnu.
- helstu hugtökum sem tengjast gerð heimildaritgerða.
- helstu einkennum íslensks ritmáls í fræði-legum ritgerðum.
- helstu einkennum íslensks talmáls við flutning efnis.
- mismunandi málsnið í íslensku máli.

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- nota fræðileg vinnubrögð við heimilda-ritgerðasmíð.
- beita gagnrýninni hugsun við úrvinnslu efnis.
- beita skipulögðum aðferðum við úrvinnslu efnis.
- koma efni á framfæri á vel uppbyggðan, skýran og greinargóðan hátt.
- lesa fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli.
- nýta sér uppbyggilega gagnrýni.
- tjá sig munnlega með skýrum hætti.
- semja kynningar með því að draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir.

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- nota ýmsar aðferðir við að leysa viðfangsefni.
- skipuleggja vinnutíma sinn og forgangsraða viðfangsefnum.
- nýta fyrri reynslu, þekkingu og skilning við úrlausn nýrra viðfangsefna.
- breyta hugmynd í afurð.
- styrkja eigin málfærni.
- beita skýru, lýtalausu og blæbrigðaríku máli við flutning á ýmiss konar efni.
- taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu.

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/5df76b43e3d27fb1b800042a*

## SPÆN1AG05AT

| Titill: Spænska<br>**Skammstöfun:** SPÆN1AG05AT<br>**Námsgrein:** Spænska | Einingar<br>5 | Hæfniþrep<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Áfanginn er byrjunaráfangi og er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur eru þjálfaðir í lesskilningi ásamt samskiptaþáttunum; tali, hlustun og ritun. Áhersla er lögð á réttan framburð, þjálfun grunnatriða málfræðinnar og uppbyggingu orðaforða sem tengist daglegu lífi og nánasta umhverfi nemandans. Auk þess kynnast nemendur menningu Spánar og spænskumælandi landa Rómönsku Ameríku.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að ná markmiðum áfangans
- grundvallarþáttum spænska málkerfisins
- spænskumælandi löndum og fengið innsýn í menningu, samskiptavenjur og siði þjóðanna

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt
- fylgja einföldum fyrirmælum og nota helstu kveðjur og kurteisisávörp
- lesa einfalda texta sem innihalda algengan orðaforða sem tengist nemandanum, umhverfi hans og áhugamálum og vinna úr þeim á mismunandi hátt eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisis- og málvenjum við hæfi
- segja á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldu sinni og athöfnum og atburðum daglegs lífs með því að beita orðaforða og framburði á sem réttastan hátt
- geta skrifað stuttan, einfaldan texta um sjálfan sig og sitt nánasta umhverfi, fyllt út einföld eyðublöð, skrifað stutt bréf (t.d. kort, tölvupóst), o.fl.

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- greina einfaldar upplýsingar í mæltu máli
- skilja einfalda texta
- taka þátt í einföldum samræðum og nota mismunandi kveðjur og samskiptaform eftir aðstæðum
- segja frá persónulegum högum sem og einföldum staðreyndum um kunnugleg efni
- rita spænsku í mjög einföldu formi

**Námsmat**

Símat

https://namskra.is/courses/54e906cb62933a1936000bc0

## SPÆN1BF05BT

<table>
<tr><td>Titill: Spænska<br>Skammstöfun: SPÆN1BF05BT<br>Námsgrein: Spænska</td><td>Einingar<br>5</td><td>Hæfniþrep<br>1</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Byggt er markvisst á þeirri kunnáttu sem nemendur hafa nú þegar tileinkað sér. Unnið er að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun og haldið áfram að flétta inn í kennsluna upplýsingum um menningu og staðhætti spænskumælandi landa. Nemendur þurfa í auknum mæli að tjá sig munnlega og textar verða smám saman lengri og þyngri. Orðaforði eykst og ný málfræðiatriði eru æfð.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur: SPÆN1AG05AT</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<ul><li>þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að ná hæfniviðmiðum áfangans</li><li>grundvallarþáttum spænska málkerfisins</li><li>spænskumælandi löndum og fengið aukna innsýn í menningu, samskiptavenjur og siði þjóðanna</li><li>einföldum samskiptum og tjáningu í mæltu og rituðu máli</li></ul>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<ul><li>skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt</li><li>fylgja einföldum munnlegum fyrirmælum</li><li>lesa lengri og þyngri texta sem innihalda algengan orðaforða og vinna úr þeim á mismunandi hátt eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni</li><li>taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir og beita kurteisis- og málvenjum við hæfi</li><li>tjá sig á einfaldan hátt um ýmsa atburði, eigin tilfinningar og viðhorf</li><li>afla sér einfaldra, hagnýtra upplýsinga</li><li>segja einfalda sögu eða gera útdrátt úr henni, lýsa liðnum atburðum og reynslu í stuttu máli</li><li>segja frá persónum og nánasta umhverfi þeirra með því að beita orðaforða og framburði á sem réttastan hátt</li><li>skrifa stutta texta í nútíð, nálægri framtíð og liðinni tíð, svo sem bréf, skilaboð, boðskort, samtöl, leiðarlýsingar, o.fl.</li></ul></td><td colspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<ul><li>tjá sig munnlega og skriflega á einfaldan hátt um efni sem hann þekkir</li><li>miðla á einfaldan hátt eigin þekkingu, reynslu, skoðunum og tilfinningum</li><li>skrifa um málefni og atburði byggða á persónulegri og/eða ímyndaðri reynslu</li><li>skilja talað mál þegar talað er skýrt um kunnugleg efni</li><li>skilja lengri og þyngri texta sem innihalda algengan orðaforða</li></ul></td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Símat<br>https://namskra.is/courses/54e906e562933a1936000bc3</td></tr>
</table>

## SPÆN1OM05CT

<table>
<tr><td>Titill: Spænska<br>Skammstöfun: SPÆN1OM05CT<br>Námsgrein: Spænska</td><td>Einingar<br>5</td><td>Hæfniþrep<br>1</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Byggt er markvisst á þeirri kunnáttu sem nemendur hafa nú þegar tileinkað sér. Áfram er unnið með alla færniþættina með aukinni áherslu á munnlega tjáningu. Textar verða lengri og þyngri, unnið er með léttlestrarefni og kvikmyndir og verkefni í tengslum við það. Orðaforði er aukinn og farið er í ný málfræðiatriði. Nemendur halda áfram að kynnast menningu og staðháttum spænskumælandi landa og velja sér m.a. ákveðin umfjöllunarefni og kynna fyrir samnemendum. Með þessari umfjöllun og úrvinnslu reynir allnokkuð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Auk þess eru kröfur gerðar um sjálfstæð vinnubrögð við lestur, notkun orðabóka og upplýsingaöflun á netinu.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur: SPÆN1BF05BT</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<ul><li>þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum áfangans</li><li>grundvallarþáttum spænska málkerfisins</li><li>mannlífi og menningu í löndum þar sem spænska er töluð sem móðurmál og fengið nokkra innsýn í það sem þar er efst á baugi hverju sinni</li></ul></td><td colspan="2" rowspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<ul><li>tileinka sér aðalatriðin í frásögnum og textum af ýmsu tagi og geta dregið ályktanir af því sem hann heyrir eða les</li><li>lesa skáldskap af hæfilegu þyngdarstigi og tjá skoðun sína</li><li>fjalla um og miðla, munnlega og skriflega, efni sem hann hefur kynnt sér og tjá eigin skoðanir og persónulega reynslu</li><li>tjá sig á tungumálinu við ýmsar aðstæður í almennum samskiptum og leysa úr málum sem upp geta komið</li><li>beita þeim málfræðiatriðum sem hann hefur lært til að nota tungumálið rétt</li></ul></td></tr>
<tr><td>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<ul><li>skilja munnlega umfjöllun um efni sem hann þekkir</li><li>afla sér hagnýtra upplýsinga, taka þátt í samræðum um afmörkuð undirbúin efni og um efni sem hann þekkir</li><li>segja frá á skýran hátt, í nútíð og þátíð</li><li>lesa margs konar gerðir texta og vinna úr þeim á mismunandi hátt eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni</li><li>skrifa styttri samfelldan texta, t.d. samantekt úr kvikmynd eða ýmsum textum, draga ályktanir og tjá eigin skoðanir</li><li>nota upplýsingatækni og hjálpargögn, svo sem orðabækur, við ritun texta</li></ul></td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Símat<br>https://namskra.is/courses/54e9070462933a1936000bc6</td></tr>
</table>

## STÆR1SF05XT

| **Titill: Stærðfræði, grunnur**<br>**Skammstöfun:** STÆR1SF05XT<br>**Námsgrein:** Stærðfræði | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í þessum upprifjunaráfanga er fjallað um talnareikning, talnalínuna, rétthyrnt hnitakerfi, prósentu- og vaxtarreikning og flatarmálsfræði. Helstu efnisatriði: • Heilar tölur, tugabrot, almenn brot • Lausn einfaldra dæma á talnalínu, hnit punkta, láréttar og lóðréttar línur, speglun, hliðrun, snúningur • Prósentur (tugabrot og almenn brot), álagning og afsláttur, vaxtareikningur • Marghyrningar og hringir, mæling horna með gráðuboga, metrakerfið.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- undirstöðum talnareiknings
- uppbyggingu rétthyrnds hnitakerfis
- einföldum prósentu- og vaxtareikningi
- flatarmáli og ummáli ferhyrninga og þríhyrninga
- mælingu hornamælingu horna
- metrakerfinu

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- reikna með heilum tölum og brotum
- vinna með rétthyrnt hnitakerfi
- reikna einfaldar prósentur og vexti
- reikna flatarmál og ummál rétthyrninga og þríhyrninga
- mæla horn
- breyta einingum í metrakerfinu
- nota vasareikni

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- skrá lausnir sínar og vinna á skipulegan hátt
- útskýra hugmyndir sínar og verk
- fylgja fyrirmælum sem gefin eru
- lesa úr stærðfræðilegum upplýsingum
- • beita skipulegum aðferðum við lausn verkefna sem tengjast námsefninu

**Námsmat**

Símat

https://namskra.is/courses/58510d9b62933a33a6021809

## STÆR1BB05YT

| **Titill: Stærðfræði, grunnur - framhald**<br>**Skammstöfun:** STÆR1BB05YT<br>**Námsgrein:** Stærðfræði | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í áfanganum er lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna og þrauta. Helstu efnisatriði: • Hlutföll og prósentur • Upprifjun á talnareikningi • Bókstafareikningur • Jöfnur • Hnitakerfið • Jafna beinnar línu

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- forgangsröðun aðgerða og algengum stærðfræðitáknum
- talnareikningi og deilanleika með lágum tölum
- brotum, prósentu-, hlutfalla og vaxta-reikningi
- snyrtingu og námundun talna
- notkun tákna sem staðgengla talna
- hnitakerfinu
- eiginleikum beinnar línu í hnitakerfi

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- nota algeng stærðfræðitákn og túlka þau í mæltu máli
- nota algebru við lausn einfaldra verkefna
- setja upp einfaldar jöfnur og leysa þær
- einfalda svör og námunda tölur þar sem það á við
- nota hnitakerfið við lausn verkefna
- nota einfalda reiknivél

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- skrá lausnir sínar og vinna á skipulegan hátt
- útskýra hugmyndir sínar og verk
- fylgja fyrirmælum sem gefin eru
- lesa úr stærðfræðilegum upplýsingum
- beita skipulegum aðferðum við lausn verkefna sem tengjast námsefninu

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/5851121362933a33a6021832*

## STÆR2BR05AT

**Titill: Rúm- og tölfræði, líkinda- og viðskiptar.**
**Skammstöfun:** STÆR2BR05AT
**Námsgrein:** Stærðfræði

**Einingar**
5

**Hæfniþrep**
2

**Lýsing**

Í áfanganum er fjallað um rúmfræði með teikningum, tölfræði, líkindareikning og viðskiptareikning. Helstu efnisatriði: • Grundvallarhugtök og reglur í evklíðskri rúmfræði. • Mælingar í rúmfræði og mikilvægi nákvæmi • Grunnatriði tölfræði og líkindareiknings: Myndrit, meðaltal, miðgildi, tíðasta gildi, staðalfrávik, spönnun, einföld líkindi og fleira • Talningaraðferðir, flokkun gagnasafna og framsetning niðurstaðna • Viðskiptareikningur: Prósentur, álagning, afsláttur, virðisaukaskattur, vextir, vísitölur og fleira • Hagnýt verkefni um notkun viðskiptareiknings

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- grundvallarhugtökum og reglum í evklíðskri rúmfræði, tölfræði, líkinda-reikningi og viðskiptareikningi

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- setja fram lausnir á táknmáli stærðfræðinnar
- leysa rúmfræðileg verkefni og beita teikniáhöldum
- flokka talnasöfn, lesa úr myndritum og skýra einkennisstærðir talnasafna
- setja upp og túlka gögn á myndrænu formi
- reikna einföld líkindi atburða og meta áhættu við ákvarðanatöku
- reikna prósentur, vexti og vísitölu
- nota vísindalegar reiknivélar og stærðfræðiforrit á netinu.

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- skrá lausnir sínar skipulega, ræða þær við aðra og útskýra hugmyndir sínar og verk
- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu á tölulegum viðfangsefnum
- vega og meta tölulegar upplýsingar á gagnrýninn hátt
- skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau
- taka ákvarðanir í sértækum verkefnum er lúta að efni áfangans
- klæða verkefni í stærðfræðilegan búning, leyst þau og túlkað lausnirnar

**Námsmat**
Símat

*https://namskra.is/courses/58511d2e62933a33a602187f*

## STÆR2AH05BT

| **Titill: Algebra og föll**<br>**Skammstöfun:** STÆR2AH05BT<br>**Námsgrein:** Stærðfræði | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>2 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í áfanganum er fjallað um algebru, föll, mengi og rökfræði. Helstu efnisatriði: • Algebra • Jöfnur með einni og tveimur óþekktum stærðum • Veldi og rætur • Ójöfnur • Föll • Ferlar falla • Hornaföll • Margliður • Táknmál mengjafræðinnar • Talnamengi • Mengjaaðgerðir • Rökfræði

**Forkröfur**: STÆR2BR05AT

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- grundvallarhugtökum og reglum fallafræði, mengjafræði, algebru og rökfræði

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- þekkja mismunandi tegundir falla og einkenni þeirra
- beita kunnáttu í algebru við að leysa verkefni
- vinna með mengi og mengjaaðgerðir
- beita rökfræði við skilgreiningu verkefna
- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu stærðfræðilegra hugmynda og viðfangsefna

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- skrá lausnir sínar skipulega, ræða þær við aðra og útskýra hugmyndir sínar og verk
- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu á tölulegum viðfangsefnum
- vega og meta tölulegar upplýsingar á gagnrýninn hátt
- skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/58511e7662933a33a602188a*

## STÆR2LT05BT

| **Titill: Tölfræði, talningafræði, líkindareikningur**<br>**Skammstöfun:** STÆR2LT05BT<br>**Námsgrein:** Stærðfræði | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>2 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í áfanganum er fjallað um mengjafræði, rökfræði, talningafræði, tölfræði og líkindareikning. Helstu efnisatriði: • Mengi og rökfræði • Talningafræði, trélínurit, raðfléttur, samantektir • Líkindareikningur • Tvíkostadreifing • Gagnasöfn og flokkun þeirra, myndrit, tíðni og tíðnidreifing • Fylgni • Normaldreifing • Öryggisbil

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- úrvinnslu og framsetningu tölulegra gagna

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- vinna með gagnasöfn og vinna tölulegar upplýsingar úr þeim
- lesa á gagnrýninn hátt úr myndritum
- vinna með mengi og mengjaaðgerðir
- nota sér talningafræði
- beita rökfræði við skilgreiningu verkefna
- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu stærðfræðilegra hugmynda og viðfangsefna

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- vinna með gagnasöfn og vinna tölulegar upplýsingar úr þeim
- lesa á gagnrýninn hátt úr myndritum
- vinna með mengi og mengjaaðgerðir
- nota sér talningafræði
- beita rökfræði við skilgreiningu verkefna
- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu stærðfræðilegra hugmynda og viðfangsefna

**Námsmat**
Símat

*https://namskra.is/courses/5851209d62933a33a6021894*

## STÆR3RV05CT

| **Titill: Vigrar og hornaföll**<br>**Skammstöfun:** STÆR3RV05CT<br>**Námsgrein:** Stærðfræði | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>3 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í áfanganum er fjallað um vigra og hornaföll. Helstu efnisatriði: • Vigrar og reikningur með þeim • Hornaföll • Hornafallareglur og sannanir þeirra • Jöfnur línu, hrings og sporbaugs • 2X2 fylki og notkun þeirra til að finna flatarmál þríhyrnings og leysa jöfnuhneppi

**Forkröfur**: 10 einingar í stærðfræði á 2. þrepi

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- reikningi með vigrum og hagnýtri notkun þeirra

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- vinna með vigra
- vinna með hornaföll
- nota einingarhringinn við hornafalla-útreikninga
- sanna hornafallareglur
- vinna með línur, hringi og sporbauga
- beita vigrum og hornaföllum við lausn ýmissa verkefna

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- skrá lausnir sínar skipulega, ræða þær við aðra og útskýra hugmyndir sínar og verk
- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu stærðfræðilegra hugmynda og viðfangsefna
- • skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/585121a462933a33a60218a5*

## STÆR3FM05DT

<table>
<tr><td>Titill: Föll, algerbra og diffrun (deildun)<br>Skammstöfun: STÆR3FM05DT<br>Námsgrein: Stærðfræði</td><td>Einingar<br>5</td><td>Hæfniþrep<br>3</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Í áfanganum er fjallað um föll og diffrun þeirra. Helstu efnisatriði: • Föll og ferlar falla • Hliðrun falla, takmörkuð föll, einhalla föll , andhverfur falla, ýmsar tegundir falla • Markgildi og samfeldni • Snertill, diffurkvóti, afleiða • Ýmsar diffurreglur</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur: 10 einingar í stærðfræði á 2. þrepi.</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• úrvinnslu og framsetningu efnisþáttanna<br>• diffurreikningi og hagnýtri notkun hans</td><td colspan="2" rowspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• skrá lausnir sínar skipulega, ræða þær við aðra og útskýra hugmyndir sínar og verk<br>• átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu stærðfræðilegra hugmynda og viðfangsefna<br>• átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu<br>• skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau</td></tr>
<tr><td>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• vinna með föll og ferla þeirra<br>• vinna með afleiður<br>• nýta diffurreikning við lausn hagnýtra verkefna</td></tr>
<tr><td colspan="3">Námsmat<br>Símat<br>https://namskra.is/courses/5851246d62933a33a60218b7</td></tr>
</table>

## STÆR3FV05ET

| **Titill: Heildun falla , flatarmál og rúmmál snúða**<br>**Skammstöfun:** STÆR3FV05ET<br>**Námsgrein:** Stærðfræði | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>3 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í áfanganum er fjallað um diffurreglur og heildun. Helstu viðfangsefni: • Ýmsar afleiður • Útgildi • Beygjuskil • Könnun falla • Stofnafall, heildi flatarmál • Ákveðið heildi • Hlutheildun • Innsetningaraðferðin • Heildun ræðra falla • Rúmmál snúða

**Forkröfur**: 10 einingar í stærðfræði á 2. þrepi.

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- úrvinnslu og framsetningu efnisþáttanna
- diffur- og heildunarreikningi og hagnýtri notkun þessara þátta

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- kanna föll
- diffra margfeldi og kvóta, nota keðjuregluna
- heilda
- reikna flatarmál og rúmmál með heildun

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- skrá lausnir sínar skipulega, ræða þær við aðra og útskýra hugmyndir sínar og verk
- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu stærðfræðilegra hugmynda og viðfangsefna
- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu
- skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/585124b762933a33a60218bc*

## UMHV2KT05BK

| Titill: Umhverfisfræði<br>**Skammstöfun:** UMHV2KT05BK<br>**Námsgrein:** Umhverfisfræði | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>2 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Áfanginn byggir á að nemendur vinna með hugtök í vistfræði tengdum nær- og fjærumhverfi. Hugað verður að því hvernig maðurinn hefur áhrif á vistkerfi sitt bæði í fortíð og nútíð. Nemendur vinna með umhverfissiðfræði og sjálfbæra þróun í alþjóðlegu samhengi. Nemendur kynna sér helstu hugtök sem tengjast umræðu um umhverfismál og miðað er að því að nemendur efli eigin ábyrgðartilfinningu gagnvart umhverfinu. Lögð verður áhersla á þemavinnu auk þess sem kynntar verða stofnanir og fyrirtæki sem tengjast málefnum og efni áfangans.

**Forkröfur**: EFNA2KT05BK og LÍFE1KT05AK

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- hugtökum umhverfisfræði og vistfræði.
- veðurkerfi jarðar.
- loftslags- og gróðurbeltum jarðar.
- flokkun og endurnýtingu.
- orkubúskap jarðar og helstu orkugjöfum.
- kenningum um áhrif mannsins á umhverfið.
- alþjóðlegri samvinnu varðandi umhverfismál.

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- túlka efni um umhverfismál.
- skipuleggja endurnýtingu og útskýra áhrif flokkunar sorps á umheiminn.
- tengja saman siðferðisvitund og vitund um orsakir og afleiðingar af gerðum mannsins.
- tengja saman ólíkar fræðigreinar hvað varðar umhverfismál.

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- taka ábyrga og rökstudda afstöðu til umhverfismála.
- taka þátt í ákvarðanatöku um nýtingu náttúruauðlinda.
- skilja samhengi nýtingar auðlinda og áhrifa hennar á lífríki og landslag og þáttar mannsins í þróun umhverfisins.
- tengja þekkingu á umhverfismálum við daglegt líf og átta sig á mikilvægi hennar til framtíðar.
- öðlast heildstæða mynd af vanda sem ógnar framtíð jarðar og mikilvægi alþjóðahyggju í þessum málaflokki.

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/5a69bd45110a1804740001c0*

## *ÚTIV1UF05AT**

| **Titill: Útivist**<br>**Skammstöfun:** ÚTIV1UF05AT*<br>**Námsgrein:** Útivist | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Í áfanganum öðlast nemendur grunnþekkingu á flestum þáttum útivistar og fjallamennsku, en fjallað veður m.a. um klæðnað, búnað, næringu, undirbúning ferða, kortalestur, veðurupplýsingar, þverun straumvatna, upplýsingaöflun á netinu auk stuttrar kynningar á GPS tækni, vetrarfjallamennsku og klifri.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- Faglegri þekkingu til undirbúning og skipulag ferða í óbyggðum m.t.t. almennrar kunnáttu, öryggisatriða, búnaðar og næringu, auk almennrar verklegrar þekkingar á útivist og fjallamennsku sem ekki krefst tæknilegrar kunnáttu.
- Mismunandi gerða útivistar með það að markmiði að opna möguleika til fjölbreyttrar hreyfingar og ánægju og þekkingar á náttúrulæsi og sjálfbærri ferðamennsku.

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- Ferðast um náttúru Íslands á ábyrgan og öruggan máta sér til ánægju.
- Skipuleggja og undirbúa sig til einfaldari gönguferða á hálendi jafnt sem lálendi.
- Undirbúa ferðaáætlanir, koma auga á og þekkja hættur sem fylgja fjallamennsku og öðlast leikni í að lágmarka hættur sem fylgja greininni

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: stunda fjallgöngur og útivist á öruggan og ábyrgan máta, sér til ánægju.

**Námsmat**

Áfanginn er bóklegur og verklegur og notast er við símat yfir önnina. Nemendur verða að standast mætingarkröfur áfangans, sýna fram á virkni í tímum og standast stutt, einföld bókleg og verkleg próf.

** Val upp í hundrað einingar á opinni stúdentsbraut eða íþróttaáfanga*

## VITI1GR05AT

| **Titill: Lífsleikni**<br>**Skammstöfun:** VITI1GR05AT<br>**Námsgrein:** Lífsleikni | **Einingar**<br>5 | **Hæfniþrep**<br>1 |
|---|---|---|

**Lýsing**

Áhersla er lögð á þekkingu nemenda á skólaumhverfinu. Fjallað er um vinnubrögð í námi, sjálfsmynd, skólakerfi og atvinnulíf, fjármál, neytendamál, umferðina, lýðræði og borgaralega vitund. Einnig er fjallað um næringu, mataræði, geðheilsu, kynhegðun og vanabindandi efni. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, markmiðssetningu og úrvinnslu verkefna með kynningum.

**Forkröfur**:

**Þekkingarviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- námskröfum skólans og skólaumhverfinu
- námsmöguleikum og skólakerfinu
- árangursríkum námsaðferðum og mikilvægi markmiða
- leiðum til að efla sjálfsmyndina
- atvinnulífi og framtíðarstarfi
- helstu fjármálahugtökum
- lýðheilsu
- lýðræði, Alþingi og stjórnmálaflokkum
- jafnrétti
- réttindum og ábyrgð neytenda
- ábyrgð í umferðinni

**Leikniviðmið**

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- leita sér upplýsinga um helstu þætti í skólaumhverfinu
- leita upplýsinga um námsmöguleika og skólakerfið
- leita upplýsinga um árangursríkar námsaðferðir og setja sér raunhæf markmið
- greina tengsl sjálfsmyndar við árangur í daglegu lífi
- afla sér upplýsinga um atvinnulífið og framtíðar starfsmöguleika
- leita leiða til að gera áætlun um fjármál og meta upplýsingar um fjármál
- afla sér upplýsinga um lýðheilsu
- leita upplýsinga um störf Alþingis, stjórnmálaflokka og lýðræði
- fjalla um jafnréttismál
- leita upplýsinga um rétt neytenda út frá lögum, siðferði og auglýsingum
- sýna ábyrga hegðun í umferðinni

**Hæfniviðmið**

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- efla eigin styrkleika, sýna og vinna að því að þeir nýtist sem best í skólaumhverfinu
- setja sér raunhæf markmið sem tengjast námi og starfi og gera grein fyrir eigin áhugasviði
- nota árangursríkar námsaðferðir
- útbúa starfsferilskrá og gera grein fyrir eigin möguleikum á atvinnu og frekara námi
- taka ábyrgð á eigin námi og framtíð
- vera fjármálalæs, búa til áætlun um fjármálin og reikna út helstu kostnaðarliði einstaklinga og fjölskyldu og hvað felst í því að vera fjárráða
- greina hættur í umferðinni til að vera ábyrgur ökumaður
- geta útskýrt lýðræðishugtakið og hvernig Alþingi og stjórnmálaflokkar starfa
- tjá skoðanir sínar um þau málefni sem upp koma í samfélaginu hverju sinni
- greina munnlega og skriflega frá upplýsingum sem hann hefur aflað sér

**Námsmat**

Símat

*https://namskra.is/courses/646df689e3d27f2f76000728*